

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

NÓVEMBER 2013

11. tbl. 20. árg.



**S. 581 15 15**  
3 staðir 1 símanúmer  
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Bangsadagar eru ætíð vinsælir í yngri bekkjum grunnskólanna en þá fá börnin að koma með uppáhaldsbangsana sína í skólann. Hér eru börn í Hólabrekkuskóla með bangsana sína ányliðnum bangsadegi í skólanum. Mynd: Katrín Kristín.



**Sveinsbakari**  
Hólagarði og  
Arnarbakka

**Lyfjaval**  
**APÓTEK**  
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD  
**BÍLAAPÓTEK**  
HÆÐASMÁRA 4  
opið 10-23 alla daga



**PANTAÐU**  
**Á NETINU**  
www.dominos.is sími 58-12345



**Slökkvitækja-**  
**þjónustan**  
564 1433  
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur  
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



## Víðtæk þjónusta til fyrirtækja

Landsbankinn Mjódd veitir stórum jafnt sem smáum fyrirtækjum alhliða fjármálaþjónustu og greiðan aðgang að faglegri ráðgjöf. Verið velkomin.

Landsbankinn Mjódd

landsbankinn.is

410 4000



# ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**  
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

## Spennandi tilboð!

Lamba framhryggur  
Verð áður 1.998 kr./kg.  
Verð núna 1.798 kr./kg.

Lamba Smásteik  
Verð áður 1.498 kr./kg.  
Verð núna 1.298 kr./kg.

Heill Kjúklingar  
Verð áður 1.149 kr./kg.  
Verð núna 898 kr./kg.

Emmessís Rjómaís  
1,5 L  
Verð áður 1.198 kr.  
Verð núna 799 kr.

Myllu Lagturturmar  
komnar!

Robin klementínur  
2,3 kg.  
898 kr.

Lamba Leggir  
Verð áður 1.498 kr./kg.  
Verð núna 998 kr./kg.

Kjúklinga Bringur  
Verð áður 2859 kr./kg.  
Verð núna 2.274 kr./kg.

MS Pykkmjólk 500 ml  
Verð áður 301 kr.  
Verð núna 259 kr.



**Pín verzlun**

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni



# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

11. tbl. 20. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

## Breiðholtsdagar

Breiðholtsdagar eru að hefjast. Hefð er orðin á hverju hausti um að efnt er til viðburða í Breiðholti undir þessu heiti. Breiðholtsdagar síðustu ára hafa sýnt að Breiðhýltingar hafa margt fram að færa sér, sínum og öðrum borgarbúum til gleði og ánægju. Fjölmargir bæði eldri og yngri hafa komið að þeim viðburðum sem í boði hafa verið. Þannig hafa Breiðholtsdagar krydda mannlífið og ýtt undir samstöðu íbúa hverfisins.

Breiðholtið er afmörkuð og samliggjandi heild innan stærri byggðar. Þar er að finna sterka hverfis- eða byggðavitund. Í hátt í 200 viðtölum sem Breiðholtblaðið hefur á undanförunum átta árum átt við íbúa hverfisins og einnig fólk sem ólst þar upp kemur þessi vitund oft sterkt fram. Fólk hefur sagt frá ærslum og ánægju æskustunda, sagt lífsbaráttusögur og skýrt frá öðru sem á líf þess hefur drifið jafnan á þeim jákvæðu nótum sem því er tamt. Margt af þessu fólk fann snemma bólstað sinn og vill ekki annars staðar vera.

Breiðholtið er þó enginn samfelldur sælureitur fremur en aðrar byggðir og ýmsir hverfisbúar hafa haft vanda við að glíma eins og annað fólk hvar sem það kys sér samastað í lífinu. Margan vanda hefur þó mátt leysa og hefur byggðin og samfélagið þróast úr hráum frumleika þar sem fólk kom víða að og allt var byggt með miklum hraða.

Breiðholtið er samfélag sem í byrjun byggðist af ólíku fólk og ólíkum viðhorfum. Sú byrjun hefur auðveldað þeirri fjölmenningu sem orðin er að myndast og þróast. Fólk kom víðsvegar að af landinu og síðar hefur fólk af ýmsum þjóðernum og frá mismunandi menningarsvæðum fundið sér ból í Breiðholti. Allt vinnur þetta saman og myndar heilstæða byggð.

Breiðholtsdögum er ætlað að gefa fólk tækifæri til þess að hafa ánægju af viðburðum en einnig að hitta mann og annan. Sýna sig og sjá aðra eins og sagt er. Breiðholtsdagar eru tilvaldir til þess að þetta mannlífið en ekki síður að efla þá hverfis- og byggðavitund sem Breiðholtið getur skartað mörgum byggðum fremur.

# Fjölbreytt dagskrá Breiðholtsdaga

Fréttastofa verður starfrækt í Gerðubergi á Breiðholtsdögum sem hófust í gærkvöld 13. nóvember og standa fram á sunnudag 17. nóvember. Það er net-samfélag.is sem annast útsendingarnar sem verða á netinu og standa yfir frá kl 13. til 16. alla Breiðholtsdagana. Sendar verða út fréttir og tekin viðtöl við gesti og búast má við fjölbreyttri dagskrá.

Margt verður gert og í boði á Breiðholtsdögum líkt og venjulega. Breiðholtsþing foreldra verður haldið undir stjórn Bjarkar Vilhelmsdóttur formanns hverfisráðs Breiðholts, leikskólarnir verða með opið hús og efnt verður til hátíðar í Fellaskóla á degi íslenskrar tungu en það er samstarfsverkefni Fellaskóla, félagsstarfsins í Gerðubergi, Tónskóla Sigursveins og fleiri aðila. Silfurleikar ÍR í frjálsum fara fram í Laugardalshöllinni en það er stærsta unglíngamót sinnar tegundar á Íslandi. Hönnunar-, fata og textílsýning verður í Gerðubergi þar sem búningar úr þekktum skáldverkum verða til sýnis. Einnig verður efnt til fjölskylduhátíðar í Gerðubergi þar sem börn koma fram og syngja á ýmsum



Sólarupprás í Breiðholti síðla hausts um svipað leyti og Breiðholtsdagar standa yfir.

tungumálum og er viðburðurinn unnin í samstarfi við samtök tvítyngdra barna. Ýmislegt fleira verður á dagskrá í Gerðubergi og í Breiðholtslaug mun Aqua Zumba kennari mæta á svæðið og skákmenn úr GM Helli koma og tefla við sundlaugargesti. Dansað verður í Danshöllinni og að venju

taka kirkjurnar í Breiðholti þátt í Breiðholtsdögum. Fjölbreytni er einkenni dagskrár Breiðholtsdaga nú sem fyrr og margir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Nánar má sjá viðburði Breiðholtsdaga í auglýsingu í Breiðholtsblaðinu.

## Enn betra Breiðholt

Nú er tækifæri til að koma með hugmyndir að enn betra Breiðholti því tekið verður við hugmyndum á vefnum **Betri Reykjavík fram til 30. nóvember**. Gert er ráð fyrir að veitt verði 46.5 milljónum króna til þess að framkvæma hugmyndir Breiðholtsbúa. Kosid verður á milli verkefna í mars en fyrir þann tíma verða þau kostnaðargreind og verðmetin.

Um er að ræða verkefni til að bæta umhverfi og mögu-

leika til útivistar og samveru, bæta aðstöðu eða tækifæri til leikja eða afþreyingar, hvetja til aukinna hjólreiða eða bæta aðstöðu og möguleika gangandi eða notenda strætó. Verkefni geta verið stór og smá en mega ekki kosta meira en það sem viðkomandi hverfi hefur til umráða. Faghópur sérfræðinga á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar metur hvort hægt sé að framkvæma verkefni, áætla kostnað og upplýsir um

það. Þeir sem vilja setja hugmynd inn á vefinn verða að vera skráðir notendur Betri Reykjavíkur. Hugmyndir eru settar inn á vefnum undir því hverfi sem viðkomandi kys. Samráðið felst ekki síst í því að kynna sér hugmyndir annarra, ræða, bæta við eigin rökum og gefa þeim vægi. Eftir að innsendingu lýkur verður hægt að rökstyðja hugmyndir frekar, ræða þær og gefa vægi – allt til 1. febrúar 2014.

[www.breiðholt.is](http://www.breiðholt.is)

## VT FASTEIGNIR ER FASTEIGNASALAN ÞÍN

Hafðu samband í síma 537-9988

Höfum á skrá ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignaflokkum:

Sérbyli, verðmæti allt að kr. 50 milljónir.

2ja til 4ra herbergja íbúðum í Bakka-, Hóla-, Fella- og Seljahverfi, verðmæti allt að kr. 25 milljónir.

Finum fyrir mikilli eftirspurn eftir 4ra herbergja íbúðum í Seljahverfi.

Við erum búsett í hverfinu og þekkjum það vel.



Guðrún A. Aðalheiðard.  
Sölufulltrúi  
Sími 861 8046  
gudrun@vtfasteignir.is



Kristinn Tómasson  
Lögg. fasteignasali  
Sími 820 6797  
kristinn@vtfasteignir.is



# Breiðholtsdagur



District Festival

13.-17. nóvember 2013

Festival Powiat

## List og miðlun á Breiðholtsdögum

**Netsamfélag.is sendir beint frá Breiðholtsdögum** - Netsamfélag Flensborgarskóla verður með fréttastofu í Gerðubergi á Breiðholtsdögum frá föstudegi til sunnudags kl. 13:00-16:00 alla dagana. Tekin verða viðtöl við gesti í beinni útsendingu á netsamfelag.is og fjallað um það sem hæst ber hverju sinni. Umsjón hafa Halldór Árni Sveinsson og Hafsteinn Vilhelmsson. Slóð á útsendinguna er á [www.netsamfelag.is](http://www.netsamfelag.is).

**Listaverk á Hólaborg** - Hressir krakkar á leikskólanum Hólaborg sýna fjölbreytt listaverk og myndir utandyra, á girðingu við leikskólann.

**Hamingjutré á Markúsartorgi** - Börn á frístundaheimilum Miðbergs skreyta tré á Markúsartorgi á litríkan, fjölbreyttan og skemmtilegan hátt.

## Miðvikudagur 13. nóvember

**Kl. 20:00-21:30** - *Glögg er gests augað* – Breiðholtsþing foreldra í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Áhugaverð erindi og umræður. Fundarstjóri Björk Vilhelmsdóttir.

## Fimmtudagur 14. nóvember

**Kl. 9:00-11:30 og 14:00-16:00** - Opið hús á leikskólanum Ösp. Allir áhugasamir geta kynnt sér starfsemina og rætt við fagfólk um uppeldi, menntun og þjónustu skólans.

**Kl. 9:00-11:00 og 13:00-15:00** - Opið hús á leikskólanum Holti. Allir sem hafa áhuga á að kíkja í heimsókn eru hjartanlega velkomnir. Útikennsla og hópastarf.

**Kl. 10:00 -12:00** - Foreldramorgun í Fella– og Hólakirkju. Kynning á ABC-leikföngum og hjúkrunarnemar verða með fræðsluerindi. Kaffi og spjall að venju. Allir velkomnir.

**Kl. 17:00** - Tónleikar og opið hús í Tónskóla Sigursveins, Hraunbergi. Dagskráin hefst á tónleikum nemenda við skólann. Í framhaldinu verður boðið upp á stutta og skemmtilega kennslustund á hljóðfæri fyrir alla gesti sem vilja prófa. Allir hjartanlega velkomnir - nú er þitt tækifæri til að prófa eitthvað nýtt og spennandi!

**Kl. 19:15** - ÍR mætir Snæfelli í Hertz-höllinni, Seljaskóla. Spennandi leikur í meistaraflokki karla í körfubolta.

**Kl. 20:15** - Aqua Zumba í Breiðholtslaug. Aqua Zumba kennari mætir á svæðið, líf, fjör og holl hreyfing fyrir fólk á öllum aldri.

## Föstudagur 15. nóvember

**Kl. 9:00-9:40** - Hátíð í Fellaskóla á Degi íslenskrar tungu. Samstarfsviðburður Fellaskóla, Tónskóla Sigursveins, félagstarfsins í Gerðubergi, Holts, Aspar og Vinaminnis.

**Kl. 9:00-11:30 og 14:00-16:00** - Opið hús á leikskólanum Ösp. Allir áhugasamir geta kynnt sér starfsemina og rætt við fagfólk um uppeldi, menntun og þjónustu skólans.

**Kl. 9:00-11:00 og 13:00-15:00** - Opið hús á leikskólanum Holti. Allir sem hafa áhuga á að kíkja í heimsókn eru hjartanlega velkomnir. Heitt á könnunni.

**Kl. 10:00-12:00** - Foreldramorgun í safnaðarheimili Breiðholtskirkju.

**Kl. 19:00-20:45** - Landsleikur í knattspyrnu, Ísland-Króaía. Allir í Breiðholti segja: Áfram Ísland!

## Laugardagur 16. nóvember

**Kl. 9:00-11:30 og 14:00-16:00** - Opið hús á leikskólanum Ösp. Allir áhugasamir geta kynnt sér starfsemina og rætt við fagfólk um uppeldi, menntun og þjónustu skólans.

**Kl. 9:00-17:15** - Silfurleikar ÍR í frjálsum íþróttum. Mótið fer fram í Laugardalshöll og er eitt það stærsta unglíngamót sinnar tegundar á Íslandi. Nánar á heimasíðunni [ir.is](http://ir.is).

**Kl. 13:00-16:00** - Flóamarkaður í Gerðubergi (D-sal). Skráning á [gerduberg@reykjavik.is](mailto:gerduberg@reykjavik.is). Hver seljandi fær eitt borð til umráða. Mætum öll og gerum frábær kaup!!

**Kl. 13:00-16:00** - Hönnunarsýning fata- og textílblautar FB í Gerðubergi (F-salur). Búningar sögupersóna úr þekktum skáldverkum til sýnis á áhugaverðri sýningu.

**Kl. 14:00-16:00** - Vertu með! Fjölbreytt og lífleg fjölskyldudagskrá í Gerðubergi (A-salur) þar sem börn troða upp og syngja lög á ýmsum tungumálum. Viðburðurinn er unninn í samstarfi við Móðurmál - Samtök tvítyngdra barna.

**Kl. 14:00-16:00** - Tombóla í anddyrinu í Gerðubergi til styrktar Móðurmáli - Samtökum tvítyngdra barna.

## Sunnudagur 17. nóvember

**Kl. 11:00** - Barokguðsþjónusta í Fella– og Hólakirkju. Prestur er séra Guðmundur Karl Ágústsson. Kammerhópurinn ReykjavíkBarok sér um tónlistarflutning. Sunnudagaskóli á sama tíma. Stofnfundur Hollvínafélags Fella- og Hólakirkju að lokinni guðsþjónustu í safnaðarheimilinu. Allir hjartanlega velkomnir.

**Kl. 11:00** - Messa í Breiðholtskirkju. Sunnudagaskóli í boði á sama tíma. Allir hjartanlega velkomnir.

**Kl. 11:00** - Barnaguðsþjónusta í Seljakirkju. Söngur, biblúsaga og bænagjörð. Allir fá nýja mynd!

**Kl. 13:00-16:00** - Flóamarkaður í Gerðubergi (D-sal). Skráning á [gerduberg@reykjavik.is](mailto:gerduberg@reykjavik.is). Hver seljandi fær eitt borð til umráða. Þátttaka í markaðnum er ókeypis.

**Kl. 13:00-16:00** - Hönnunarsýning fata- og textílblautar FB í Gerðubergi (F-salur). Búningar sögupersóna úr þekktum skáldverkum til sýnis á áhugaverðri sýningu.

**Kl. 14:00-16:00** - Opið hús hjá Komið og Dansið í Danshöllinni að Drafnarfelli 2. Allir hjartanlega velkomnir.

**Kl. 14:00** - Almenn guðsþjónusta í Seljakirkju. Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar. Kór Seljakirkju leiðir safnaðarsöng. Organisti er Tómas Guðni Eggertson.

**Kl. 14:00-16:00** - *Ósýnilegur vinur* - skemmtileg listsmiðja fyrir alla fjölskylduna í Gerðubergi (A-salur). Umsjón hefur Erla María Árnadóttir sem nýverið opnaði sýninguna Traustur vinur í Gerðubergi. Þátttakendur búa til og útbúa á sjónrænan hátt persónu eða ósýnilegan vin. Efniviður á staðnum, aðgangur ókeypis og allir velkomnir!

**Kl. 14:00-16:00** - Sýning á tréskurði í Gerðubergi (Horninu á neðri hæð). Félag áhugamanna um tréskurð sýnir gestum aðferðir við að skera út. Fjölmargir fallegir munir til sýnis.

**Kl. 14:00-16:00** - *Glossolalia* í Gerðubergi (sýningarsal á efri hæð). Listamaðurinn Daníel Magnússon tekur á móti gestum og leiðir þá um ljósmyndasýningu sína.

**Kl. 17:00** - Félagar úr Skákkfélaginu GM Helli mæta í Breiðholtslaug, skella sér í heita pottinn og tefla við alla þá sem kunna mannganginn og þora að taka slaginn.

Fylgist með á [facebook.com/breidholtid](https://www.facebook.com/breidholtid), [netsamfelag.is](http://netsamfelag.is) og [breidholt.is](http://breidholt.is)!!

Breidholt



# VIÐTALIÐ

# Læknir og fjögurra barna faðir í borgarpólitík

„Kjarninn er sá að okkur takist að byggja og þróa Reykjavík þannig að hún þjóni sem flestum. Borgin sé fjölbreytt, skemmtileg og heilbrigð þar sem fólk geti skapað þá umgjörð um lífs sitt sem það kys. Að þessu þarf að huga í öllum málflökum og í nýju borgarskipulagi erum við að stefna að þessu marki. Þetta kemur líka fram í húsnæðisstefnu borgarinnar og umferðamálum. Ég tel nauðsynlegt að spara tíma og stytta þær vegalengdir sem fólk þarf að fara til og frá vinnu og eftir daglegum nauðsynjum eins og kostur er. Ég þekki það einfaldlega sjálfur að þurfa að sækja tvo krakka í leikskóla eftir langan vinnudag og afganginn í frístundir og svo á eftir að versla. Þetta er veruleikinn. Með því að gera skólalaginn og frístundirnar samfelldar og að gefa fólki kost á að búa eins nálægt vinnunni og kostur er þá erum við að reyna að gera daglegt líf fjölskylduvenna, ánægjulegra og auðveldara,“ segir Dagur B. Eggertsson, læknir, fjögurra barna faðir og formaður borgarráðs í samtali við Breiðholtsblaðið.



Dagur með borgarstjóra Árósa í heimsókn hjá HB Granda í fylgd Vilhjálms forstjóra.

## Allt að gerast í Breiðholtinu

„Ég er stoltur af þessu kjörtímabili fyrir hönd okkar í Samfylkingunni,“ segir Dagur. „Aðgerðirnar í Orkuveitunni, traustatak í fjármálum, átak í framkvæmdum og atvinnumálum mætti nefna sem dæmi, en líka áherslan á Breiðholtinu. Það var engin tilviljun að við kynntum meirihlutann í Æsu-fellinu á sínum tíma. Við vildum leggja áherslu á Breiðholtinu. Það gerist ekki allt á einum degi en þegar fólk horfir yfir kjörtímabilið held ég að það finni það. Kannski kristallast það í því að við fluttum skrifstofurnar okkar í Gerðuberg og réðum sérstakan varanlegan hverfisstjóra fyrir Breiðholtinu. Ég spái því að það fyrirkomulag verði í framtíðinni líka notað í öðrum hverfum. Fella-stígsverkefnið var mikilvægt tákni í upphafi, en nú erum við að fara að opna FabLab í Fellagörðum í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð og FB. Ég held að það boði meiri tímamót en fólk áttar sig á. Þarna verður spennandi tæknibúnaður og aðstaða fyrir hvern sem er sem vill spreyta sig í hátækniumhverfi. Með þessu erum við með óbeinum hætti að styðja við bakið á FB sem er einn

fremsti framhaldsskólinn í verk- og listgreinum hér á landi. Ég veit ekki á hvers margra vitorði þetta er og mér finnst þurfa að lyfta nafni Fjölbrotaskólans í Breiðholti bæði innan hverfis og utan að þessu leyti og ræða um hann af því stolti sem hann á skilið.“

## Skólalóðir og viðhald

Við höfum líka verið að taka til hendinni í Breiðholtinu eins og sést varðandi skólalóðirnar við Hólabrekkuskóla, Fellaskóla og Seljaskóla. Nú stendur fyrir dyrum að endurgera lóðirnar við Breiðholtskóla og Ölduselskóla sem báðar mega við því. Ég vil einnig benda á að skólalóðirnar eru í raun almenningsgarðar þangað sem fólk getur farið með börnin sín utan hefðbundins skólalóða – til dæmis um helgar. Þess vegna er mikilvægt að þær séu vel búnar og vel frá þeim gengið. Við erum líka að mála listaverk á valda húsgaffla þar sem framúrskarandi listafólk er að verki og lendum vonandi fljótlega samningum um nýja líkamsræktarstöð við Breiðholtslaug en borgin auglýsti eftir samstarfsaðilum í því verkefni fyrir á árinu.

Þá erum við að fara í sérstakt viðhaldsátak í skólum og þar get ég upplýst að stærsta fjárhæðin fer í Breiðholtskóla. Þar er löngu

tímabært að huga að ýmsu, eins og foreldrar þekkjá. Ég vil reyndar sérstaklega þakka foreldrum í Breiðholti fyrir frábært samskipti og árangursríkt samstarf á kjörtímabilinu.“

## Húsnæðismálin eru stóru málin

Dagur segir að með nýju borgarskipulagi sé verið að koma til móts við þarfir nýrra kynslóða og horfa til framtíðar. „Húsnæðismálin eru stóru málin í borginni. Það þarf að fjölga leiguíbúðum og búseturéttaríbúðum verulega og í þeim málum dugur ekkert annað en stóratæk. Fleiri og fleiri eru að lenda í vandræðum vegna húsnæðis. Leiguverðið rýkur upp. Maður finnur fyrir þessum vanda víða og ekki síst hjá ungu fólki. Við þurfum að tryggja fjölskyldum og einstaklingum öryggi í húsnæðismálum. Í mínum huga er það klárlega eitt af lykilverkefnum við stjórn borgarinnar á næstu árum.“

## Allt að 3000 nýjar íbúðir

„Við erum nú búin að kynna hvernig verður hægt að hefja byggingu á 2500 til 3000 nýjum íbúðum á næstu þremur til fimm árum. Í mínum huga þarf þessi uppbygging að hefjast strax.

Þarna þarf borgin að taka af skarið. Ef við myndum láta þetta afskiptalaust getum við átt það á hættu að einungis stórar og dýrar íbúðir risi á eftirsóttum byggingasvæðum. Til að bregðast við því viljum við leggja fram lóðir og fara í samvinnu við byggingasamvinnufélög, stúdenta og verkafélögshreyfinguna. Við verðum að stuðla að því að það risi hús fyrir venjulegar fjölskyldur með lægri tekjur og millitekjur. Við verðum að forðast að sum hverfi verði aðeins fyrir efnafólk eða jafnvel ríkt fólk og önnur hverfi fyrir fólk með minna á milli handanna. Þetta verður að blandast og það gefur líka af sér fjölbreyttasta, skemmtilegasta og besta mannlífið. Þetta hafa verið kallaðar röttækur tillögur vegna þess að við gerum ráð fyrir að borgin beiti sér og taki beina þátt í uppbyggingunni.

## Flugvallarmálið í góðum farvegi

Dagur segir að nýgert samkomulag um Reykjavíkflugvöll skapi svigrúm til þess að vinna að flugvallarmálinu og finna framtíðarlausn í sátt. „Flugvallarmálið er komið upp úr skotgröfunum og í lausnamiðaðan farveg. Það er mikilvægt. Óháð framtíð flugvall-

arins má líka víða byggja í Vatnsmýrarsvæðinu,“ segir Dagur og þess sé ekki langt að bíða. „Það er að hefjast bygging spennandi íbúða við Hlíðarendu og á svæðum Háskóla Íslands viljum við sjá um 400 stúdentaíbúðir rísa á næstu árum og um 300 íbúðir á lóðum við Háskólann í Reykjavík. Ef stúdentar geta búið nálægt skólunum getum við líka dregið úr umferð. Í raun má segja að húsnæðismálin séu komin á fullt með úthlutunum sem eru á næsta leyti til námsmanna og samtaka sem byggja fyrir eldri borgara. Úthluta á lóð fyrir 97 íbúðir fyrir námsmenn að Brautarholti 7 og 50 íbúðir við Kennaraháskóla Íslands við Bólstaðarhlíð. Þá er lagt til að 100 stúdentaíbúðir risi í Skerjafirði á landi í eigu borgarinnar sem nú verður hægt að þróa í kjölfar flugvallarsamkomulagins. Við stefnum líka að því að úthluta Samtökum aldraðra lóðum undir íbúðir í Bólstaðarhlíðinni og Félagi eldri borgara í Mjódd í Breiðholti og Grund í Mörkinni. Þá viljum við að Hrafnista reisi hjúkrunarheimili við Sléttuveg. Þannig að það er mikil uppbygging í farvatninu í Reykjavík, sem betur fer,“ segir Dagur og brosir.

## Áhersla á barnafólk og fjölskyldumálin

Brýn verkefni sem snúa að fjölskyldunum í borginni eru víðar en í húsnæðismálunum. „Mér finnst hlutur skólans og velferðarkerfisins stundum gleymast þegar við ræðum hvernig hefur gengið síðustu ár. Ég er mjög stoltur af starfsemi og starfsfólkinu í borginni sem hefur staðið vaktina í gegnum niðurskurð og kreppu. Þetta hefur ekki verið einfalt og kostaði auðvitað mikið álag á starfsfólkið okkar. En á meðan bankarnir hrundu stóð skólakerfið og velferðarkerfið eins og klettur af sér kreppuna. Við sjám á könnunum að börnunum okkar líður betur en fyrir hrun og skólastarfið er að skila betri og betri árangri. Þetta skiptir ótrúlega miklu máli. Því það er úrslitaatriði upp á framtíðina að hvert og eitt barn geti notið sín. Þar þurfum við að gera ennþá betur en mér finnst líka mikilvægt að starfsfólkið okkar finni að nú taki við tími uppbyggingar en ekki niðurskurðar, af því að einhver stjórnmalamaðurinn vill láta kjósa sig út á óljármögnum loforðum skattalækkunar. Hvað börn-



## Alprif, handbón og djúphreinsun

Notum teflonbón • Sýrupvömu felgur • Notum Mjöllina • Olíuhreinsum • Bónum fölsin • Fólksbílur • Jeppar • Stórir bílar

Ný símanúmer:  
571 9900 / 663 9933

Sækjum og skilum

**BÓNSTÖÐIN**  
Dalvegi 16c

fyrir neðan sýslumanninn



in varðar snýr áhugi minn ekki aðeins að hefðbundinni menntun og því sem gerist í skólafundum heldur líka að frístundunum, eins og íþróttum og tónlist. Ég held að frístundatilboðin séu líka mjög mikilvægur þáttur í að búa börnin okkar undir framtíðina. Þar má ekki myndast gjá á milli þeirra sem eiga foreldra sem hafa meira milli handann og hinna. Við þurfum að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri. Ég vil mjög gjarnan að borgin vinni meira með íþróttafélögunum og tónlistarskólunum í þeim tilgangi að búa ákveðin frístundatilboð til þannig að allir geti fengið að spreya sig. Við þurfum að finna leiðir til þess að öll börn geti notið þess sem er í boði.“

### Ný samgöngumiðstöð mun bæta umferðarmálin

Dagur víkur að umferðarmálinum. Þau eru stór hluti skipulagsmálanna. Hann segir að umræðuna um þau stundum vera undarlega. „Það er stundum látið eins og áhersla á strætó, hjól og gangandi sé beint gegn einkabilnum. Eiginlega er það öfugt. Eftir því sem fleiri nota almenningssamgöngur og fara öðru vísi til vinnu en á einkabil, þeim mun liprari verður umferðin fyrir þá sem keyra.“ Dagur segir spennandi verkefni á dagskrá í samgöngumálanum. „Strætó er í störsókn, hjólreiðaáætlanin er á fullu og við keyptum BSÍ til að þróa þar á svæðinu alhliða samgöngumiðstöð. Ég held að ný samgöngumiðstöð á BSÍ reitnum verði mikil tækifæri. Þar verður hægt að tengja strætó, hjólaleigur, gang-

andi umferð og jafnvel smart-bíla sem fólk á með öðrum. Borgarbúar geta þá tekið hraðvagna úr heimahverfinu og skipt yfir í annan ferðamáta. Þar væri hægt að taka hjól með því að strauja kreditkortid og skila því aftur eftir einhvern tíma. Frá BSÍ er líka hugmyndin að litlir rafvagnar fari um miðborgarsvæðið annars vegar og háskólasvæðið hins vegar oft á hverri klukkustund. Þannig mætti gera samgöngurnar liprari.“

### Landspítalinn

Landspítalamálið hefur verið til umræðu. Mörgum finnst óráðlegt að byggja svo stóran spítala á núverandi umráðasvæði hans við Hringbraut. Slík stórbygging og fjöldavinnustaðar skapi vanda í umhverfinu og að aðrar og ef til vill ódýrari lausnir kunni að vera til á meðan aðrir telja byggingu stórspítalans eina raunhæfa kostinn. „Ég er einlægur stuðningsmaður þess að efla heilbrigðiskerfið. Í því skipta kjör starfsfólks og starfsaðstæður máli en svo eru tvö lykilatriði: að efla heilsugæsluna og byggja nýjan Landspítala. Við munum aldrei geta veitt fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu án þess að endurnýja og sameina húsakost Landspítalans. Ég hef reyndar áhyggjur af því að það bakslag sem nú virðist komið í það mál hafi miklu alvarlegri áhrif á starfsemi en fólk geri sér grein fyrir. Það snýr ekki bara að tækjakosti og aðstæðum sjúklinga og starfsfólks. Spítalarekstur byggir ekki síst á mannaúði. Ef það vantar skýra framtíðarsýn þá missir heilbrigðisstarfsfólk trúna á því að verja starfsævinni á Íslandi. Það er því brýnt að taka

af skarið um hvert stefni svo og að af byggingu spítalans verði. Og þar tala ég bæði sem borgarfulltrúi og lækni.“

### Hætta á fólksflóttu

Dagur víkur að málefnum lands og borgar og segir að Landspítalamálið sé ekki einangrað. Stóra hætta sem við stöndum frammi fyrir sem samfélag sé hreinn atgervisflótti. Fólk muni í vaxandi mæli velja sér stað annars staðar í heiminum þar sem það telji sig geta búið við betri kjör. „Ég tel að borgin hafi þarna miklu hlutverki að gegna. Reykjavíkurborg verður að vinna vel með atvinnulífínu. Vinna með litlum og meðalstórum fyrirtækjum og gera borgarumhverfið að kjörlandi fyrir þau. Við þurfum alls konar atvinnulíf, verslun og viðskipti, verkstæði og smáíðnað, skapandi greinar og kvikmyndagerð, sjávarútveg og ferðaþjónustu. Við þurfum einnig að vinna með háskólunum og þekkingarstarfsemi þar sem miklu fleiri tækifæri geta orðið til í krafti aukinnar nýsköpunar. Það sjáum við til dæmis með nýrri fjárfestingu lyfjafyrirtækisins Alvogen sem mun skapa mörg spennandi störf og er afrakstur samstarfs borgarinnar og Háskólans. Það er að sama skapi glapræði að skera niður til rannsókna- og nýsköpunar eins og ríkisstjórnin virðist ætla sér. Ég vona að fólk sjá að sér í því. Sama má segja um skapandi greinar menninguna. Við þurfum að lyfta og styðja við menninguna sem gerir lífið skemmtilegra og borg þess virði að búa í henni. Ég held að menning og afþreying skipti glettilega miklu máli fyrir lífsgæði fólks.“

### Lýðheilsan og „alls konar borg fyrir alls konar fólk“

Læknirinn kemur upp í Degi og hann fer að ræða um lýðheilsuna og borgina. Hvernig fólk hreyfir sig. Hvernig geðræktinni er háttað og annað er snýr að heilbrigði. „Þarna hefur borgin verk að vinna. Hreyfing er ótrúlega mikilvæg. Þarf ekki að vera merkileg eða mikil áreynsla. Að fara út á kvöldin til þess að ganga eða skokka. Þetta tengist því einnig að krakkarnir okkar hreyfi sig í skólanum en sitji ekki bundinn í stól allan daginn. Við þurfum að horfast í augu við breytta tíma. Fólk situr á stól við vinnu sína eða í skóla en fer svo heim og þá tekur seta við sjónvarp eða tölvu við. Við þetta verða nýjar þarfir til í borgarsamfélaginu – þarfir fólks fyrir útivist og hreyfingu. Við höfum beint augum að þessu í nýju borgarskipulagi. Að færa þjónustuna inn í íbúðahverfin en ekki út úr þeim. Við þurfum að búa til fjölbreytta borg – „alls konar borg fyrir alls konar fólk“ eins og Jón Gnarr komst að orði í kosningabaráttu sinni. Þetta eru í raun hin aldagömlu kjörorð jafnaðarstefnunnar en komin í þann búning að fólk skyldi þau betur vegna þess að slagorðin um jöfn tækifæri fyrir alla þau ná ekki að fanga fjölbreytileikann í samfélaginu jafn vel og allskonar borg fyrir allskonar fólk þótt kjarninn í þeim sé sá sami.“

### Línurnar eru að skýrast fyrir vorið

Nú líður að lokum kjörtímabils.

Nánasti samverkamaður Dags á kjörtímabilinu Jón Gnarr hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér. Þetta breytir landslaginu í borginni. Hvernig kys Dagur að sjá næsta kjörtímabil fyrir sér. „Ég held það geti skipt miklu máli á næstu árum hvernig Samfylkingunni gengur í kosningunum í vor. Línurnar eru að skýrast. Við viljum að borgin beiti sér í húsnæðismálum til að tryggja húsnæðisöryggi fjölskyldna. Þar dregur Sjálfstæðisflokkurinn lappirnar og vill treysta alfarið á einkafram takið. Og einhverjir þar segjast jafnvel vilja afturkalla nýja aðalskipulagið. Ég er ekki viss um að þeir átti sig á því hvaða óvissu það myndi kalla yfir uppbyggingu, atvinnulíf og borgarbúa almennt. Úr þeirri átt á ég líka von á því að gylliboð um skattalækkanir fari að heyrast. Við slík loforð verður ekki hægt að standa nema með miklum niðurskurði í skólum og velferð. Ætli það fyrsta yrði ekki það að lækka fjárhagsaðstoð við fólk sem ætlað er að láta enda ná saman með 163.000 kr. á mánuði. Það er ekki stefna sem ég er tilbúinn að skrifa upp á. Ég vil forgangsraða í þágu skólanna og þjónustunnar og leggja áfram áherslu á atvinnumál, uppbyggingu og framkvæmdir í hverfunum. Það gengur ekki að allt sé stoppað þó nýr meirihluti taki við. Það þarf áfram að halda fast á málum Orkuveitunnar og fjármálum borgarinnar. Það þarf að vera vakandi fyrir hag barna og barnafjölskyldna og búa vel að öldruðum. Í þessum málum hafa borgarbúar getað treyst Samfylkingunni. Og það munu þeir geta áfram.“

# BREIÐHOLTSDAGAR Í HÓLAGARÐI

Í tilefni að Breiðholtsdögum verða fyrirtækin í Hólagarði með ýmsa afslætti á meðan á Breiðholtsdögum sendur.



**PERSÓNULEG  
ÞJÓNUSTA.**



**Sjávarhöllin**





## Margrét Margeirs sýnir ljósmyndir í boganum



Margrét er ekki ókunnug í Boganum í Gerðubergi. Hún átti í samstarfi við félagsstarfið í Gerðubergi í tengslum við störf sín í þágu eldri borgara. Þarna er hún stödd í félagsstarfinu fyrir nokkrum árum.

Nú stendur yfir í Boganum í Gerðubergi sýning á ljósmyndum Margrétar Margeirsdóttur. Margrét Margeirsdóttir er fædd árið 1929 á Ögmundarstöðum í Skagafirði, dóttir Helgu Óskarsdóttur húsfreyju og Margeirs Jónssonar, kennara og bónda. Margrét er gift Sigurjóni Björnsyni prófessor og eiga þau fjögur börn.

Margrét fékk snemma áhuga á ljósmyndun og hafði næmt auga fyrir góðu myndefni. Á ferðum sínum um landið hefur hún tekið myndir af stórbrotnu landslagi Íslands og sögufrægum stöðum. Margrét hélt sína fyrstu einkasýningu í Stykkishólmi og sýndi þar ljósmyndir frá ferð um Suður Afríku. Margrét útskrifaðist sem félagsfræðingur frá Den sociale Skole í Kaupmannahöfn 1959 en hún sótti einnig fyrirlestra í félagsfræði við Kaupmannahafnarháskóla árin þar á eftir. Hún var um tíma stundakennari við Háskóla Íslands og kenndi einnig í Hús-mæðrakennaraskóla Íslands og hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Margrét starfaði við Geðverndardeild barna á Heilsuverndarstöð

Reykjavíkur frá árunum 1961-1967 en hefur einnig verið sjálfstætt starfandi félagsfræðingur. Hún hefur ætíð látið sig málefni barna varða og starfaði um tíma sem ráðgjafi hjá Félagi einstæðra foreldra og sat í nefndum hjá Barnavernd Reykjavíkur og Æskulýðsráði Reykjavíkur svo eitthvað sé nefnt. Hún vann einnig ótullega að málefnum fatlaðra og var ráðgjafi Styrktarfélags vangefinna frá árunum 1973 til 1979 og seinna formaður í Landssamtökunum Þroskahjálpi. Margrét skrifaði fjölda greina í tímarit og blöð en einnig þýddi hún og skrifaði bækur um félagsmál einstæðra foreldra, málefni barna og fatlaðra. Frá 1980 til 1999 var Margrét deildarstjóri í Félagsmálaráðuneytinu og vann að nýju þjónustukerfi fyrir fatlaða samkvæmt nýsettum lögum. Þegar hún lauk störfum hjá ráðuneytinu hóf hún afskipti af málefnum aldraðra og starfaði sem formaður Félags eldri borgara í Reykjavík árin 2005 til 2009. Ein-nig átti hún sæti í stjórn Lands-sambands eldri borgara og var þar varaformaður árið 2005.

## TALNASPEKI - HEILUN - MIÐLUN

Kvöldnámskeið fyrir byrjendur með **Bjarka Ólafssyni** og **Ólafi Thorarensen**. Öll höfum við hæfileika til að skynja umhverfi okkar, en erum þó misjafnlega meðvituð um það. Stígðu skrefið og upplifðu nýja hluti á skemmtilegan hátt með einfaldleikann í fyrirrúmi!

Næstu námskeið verða haldin 18. nóvember og 2. desember kl. 18:15-22:15.

Takmarkaður fjöldi á hverju námskeiði.

Verð 15.000 kr.

spamidar@gmail.com

 Spámiðlar



## Daníel Magnússon sýnir í Gerðubergi

Nú stendur yfir sýning á ljósmyndum Daníels Magnússonar myndlistarmanns í Gerðubergi. Sýninguna nefnir hann Glossolia sem þýðir að tala tungum í sjálfsefjandi ástandi. Sá sem talar tungum telur sig vera að miðla orðum guðlegs tungumáls líkt og listamaður telur sig fást við rök hins listræna sannleika. Daníel lét hafa eftir sér í viðtali nýverið að hann sé að flýja Reykjavík 101 og upp í Breiðholt vegna kommúnista og poka-presta. Í Breiðholti býr menntaða fólkið í dag og þar vilji hann vera.

Daníel kveðst hafa valið nafnið þar sem ljósmyndunum á sýningunni sé ekki ætlað að vera einstök frásögn með heildarsvip heldur er hvert verk einungis fulltrúi fyrir sjálf sig. Myndirnar séu sýnishorn og brot, þær séu sérviskulegt val og upphafið merkingarleysi þegar þeim er stillt upp saman. Þeim myndum þar sem titill vísar til þekktra verka í listasögu eða atburða úr mannkynsögu er ekki ætlað að túlka léttúð gagn-



Daníel Magnússon við eitt verka sinna í Gerðubergi.

vart fyrirmyndum sínum heldur eru myndirnar vanefni um alvöruleikann, slembi ljóss og skugga. Sýningin er safn mynda frá síðustu tveimur árum og ræður Daníel gestum sínum eindregið frá því að leita í henni að einhverju sem flokkast getur undir annað en listræna sjálfsefjun. Daníel

Magnússon útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1987 og hefur haldið um tuttugu einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum. Hann er velþekktur fyrir hönnun sína á stólum og lágmyndir svo eitthvað sé nefnt. Sýning Daníels stendur til 12. janúar 2014.

# Björn Gíslason

slökkviliðsmaður



# 4

sæti í  
Reykjavík



# PLANET PIZZA

## PIZZA GRILL

5 444444

PIZZA.IS

Seljabraut 54

Take-away - Bílalúga - Heimsending

### PIZZUR

#### Margarita

Sósa, ostur Hvert auka álegg  
1130 | 1510 | 1830 230 | 350 | 420

#### Sjávarréttur

Sósa, ostur, rækjur, túnfiskur, kræklingur,  
hvítlauksþipar, oregano  
1690 | 2290 | 2990

#### Parma

Sósa, ostur, parmaskinka, ruccola, parmesan  
1690 | 2290 | 2990

#### Toscana

Sósa, ostur, pepperoni, sveppir, ananas, svartar  
ólífur, hvítlaukur, rjómaostur, oregano  
1590 | 2190 | 2890

#### Blauta

Sósa, ostur, pepperoni, hakk, sveppir, piparostur,  
dass af hvítlauksolíu  
1490 | 2090 | 2760

#### Hawaii

Sósa, ostur, skinka, ananas  
1390 | 1950 | 2540

#### Pepperoni æði

Sósa, ostur, þakin pepperoni  
1390 | 1950 | 2540

#### Tippical

Sósa, ostur, pepperoni, sveppir  
1390 | 1950 | 2540

#### Ostaveisla

Sósa, ostur, rjómaostur, gráðaostur, piparostur,  
parmesan ostur  
1590 | 2290 | 2990

#### Hálfmánin

Sósa, ostur, pepperoni, sveppir, rjómaostur,  
svartur þipar  
1690 | 2290 | 2990

#### Kjúklingaveisla

Sósa, ostur, kjúklingur, sveppir, laukur, ananas,  
rjómaostur, svartur þipar  
1690 | 2290 | 2990

#### Pizza snakk

Sósa, ostur, kjúklingur, nachos, smátt skorið  
jalepeño, rjómaostur, ferskur hvítlaukur,  
extra ostur  
1690 | 2290 | 2990

#### Godfather

Sósa, ostur, beikon, rjómaostur, pepperoni  
1550 | 2250 | 2950

#### Kjötveisla

Sósa, ostur, pepperoni, skinka, hakk,  
beikon, extra ostur  
1550 | 2290 | 2950

#### Hvítlaukspizza

Ostur, hvítlauksolíu og hvítlauksalt  
1130 | 1510 | 1830

#### Selja Hvítlaukspizza

Piparostur, skinkukurl, hvítlauksolíu  
og hvítlauksalt  
1290 | 1710 | 1990

#### Græna

Sósa, ostur, salat, tómatar, paprika, sveppir,  
laukur, hvítlauksdressing og hvítlauksþipar  
1690 | 2290 | 2990

#### Tostada

Salat, tortilla lengjur og ranch sósa.  
Steinbakaður botninn er toppaður með svörtum  
baunum, bræddum cheddar osti og Monterey  
Jack osti. Borin fram með salsa sósu.  
1690 | 2290 | 2990

#### Lime kjúklingur

Sósa, ostur, kjúklingur, sætur sykurbrúnaður  
laukur, ferskur Mozzarella, parmesan, svissaður  
vorlaukur og svartur þipar.  
1690 | 2290 | 2990

#### Jamaica krydduð kjúklingapizza

Jafnvel vinir þínir munu falla fyrir þessum  
kryddaða kjúkling. Sterk og sæt sweet chilli sósa,  
alvöru krydd frá Jamaica, reykt beikon,  
rauðlaukur og paprika.  
1690 | 2290 | 2990

#### BBQ pizzan

Okkar sífræga BBQ sósa, ostur, pepperoni, hakk,  
laukur og beikon breyta þeirri upprunalegu í  
einstaka.  
1690 | 2290 | 2990

#### Pizza með ristudum hvítlaukskjúkling

Sætur sykurbrúnaður laukur, ferskur mozzarella,  
parmesan, svissaður vorlaukur og svartur þipar.  
1690 | 2290 | 2990

### SALÖT

Orginal salat er með káli, tómötum, ..... 1350  
papriku, lauk, gúrkum, piparost og  
svörtumólífum

Salat með kjúkling ..... 1690

Salat með túnfisk ..... 1590

Salat með nachos ..... 1590

Dressing fylgir að eigin vali

### HAMBORGARAR

Hamborgari með sósu, káli - franskar fylgja ..... 1090

Ostborgari með sósu, káli - franskar fylgja ..... 1290

Beikonostborgari með sósu, káli, tómötum, gúrkum - franskar fylgja ..... 1490

Planet ostborgari með sósu, káli, bacon, barbecuesósu, sveppum - franskar fylgja ..... 1690

Bernesostborgari með bernessósu, káli, bacon, lauk - franskar fylgja ..... 1690

Gráðaostborgari með sósu, káli, lauk, tómötum - franskar fylgja ..... 1690

Einn með öllu. hamborgari með tómatsósu, sinnep, remolaði, steiktur laukur, hrár laukur ..... 1390

Stakur hamborgari með sósu og káli ..... 790

Stakur ostborgari með sósu og káli ..... 990

Píta með buffi, sósa, káli tómötum, gúrkum - franskar fylgja ..... 1490

Píta með kjúklingastrímlum, sósu káli tómötum, gúrkum, lauk - franskar fylgja ..... 1690

Grænmetisþíta, sósa, kál, tómatar. laukur og gúrka ..... 990

### MEÐLÆTI

Brauðstangir (6 stykki) ..... 790 sósa fylgir

Ostbrauðstangir (6 stykki) ..... 990 sósa fylgir

Piparostabrauðstangir (6 stíkki) .... 1090 sósa fylgir

Sósur og krydd í box ..... 200

Brauðstangasósa, Koktelsósa, Brauðstangakrydd,

Ripsberjasulta, Hvítlauksolíu, Salatdressingar,

Bernessósa, Barbecuesósa, Pítusósa, Tómatsósa,

Sinnepsósa, Remúlaði, Gráðaostasósa,

Þúsundvefjasósa

### GOS

Gos frá Ölgerðinni.

### BARNAMATSEÐILL

Barnapizza með einu áleggi og gosi ..... 890

Brauðstangir (6 stykki) og gos (djús) ..... 790

Barnahamborgari með tómatsósu ..... 690

Kjúkklínganaggar ..... 690

### ÍS

Bragðarefur, Ís í brauðformi, Lítersís. Val um allt  
að 12 tegundir. Ísinn okkar er frá [Kjörís](#).

PLANET PIZZA

PIZZA GRILL

5 444444

PIZZA.IS

Take-away - Bílalúga - Heimsending



# Júlíus Vífill

Reynsla og þekking til forystu



1. sæti  
í Reykjavík

Prófkjörið fer fram  
laugardaginn 16. nóvember.

Ég gef kost á mér til að leiða lista Sjálfstæðisflokksins í komandi borgarstjórnarkosningum. Það er ögrandi verkefni sem ég mun takast á við af mikilli ábyrgð. Ég hef trú á því að þekking mín á borgarsamfélaginu, reynsla úr atvinnulífinu og ótakmarkaður áhugi á að Reykjavíkurborg blómstri sem aldrei fyrr muni skila okkur árangri og borgarbúum meiri lífsgæðum.

www.juliusvifill.is

www.borgarblod.is

## „Birtingarmynd“ afhjúpuð í Jórufelli

Jón Gnarr borgarstjóri afhjúpaði nýlega vegglistaverkið Birtingarmynd eftir Theresu Himmer á fjölbýlishúsinu Jórufelli 2 til 12 í Breiðholti. Verkið er unnið á þann hátt að listakonan ljósmyndaði steypusýni bakvið klæðningu hússins í gegnum smásjá og prentaði þau síðan á klæðninguna með tækni svipaðri silkiprykki. Steypuagnirnar taka á sig fullkomlega óhlutbundin form við stækkunina og gætu t.d. verið loftsteinar, malargrjót eða plánetur.

Upphaf verksins má rekja til þess að borgarráð samþykkti tilögu borgarstjóra um verkefnið fyrr á þessu ári. Ákveðið var að láta gera tvær stórar veggmyndir á gafla tveggja hárra fjölbýlishúsa í Efra-Breiðholti. Listasafn Reykjavíkur hefur haft umsjón með verkefninu og efndi til lokaðrar samkeppni um val á listamönnum. Dómnefndin var skipuð fulltrúum frá hverfisráði Breiðholts, íbúasamtökunum Betra Breiðholti, hverfisráði Breiðholts, ungmennaráði Breiðholts, Félagsbústöðum, húsfélagi Asparfells og innkaupanefnd Listasafns Reykjavíkur. Dómnefndin valdi listakonurnar Söru Riel



Jón Gnarr afhjúpar verkið Birtingarmynd á gafla fjölbýlishússins við Jórufell 2 til 12.

og Theresu Himmer til að gera veggmyndirnar. Þær hafa mikla reynslu af sambærilegum verkefnum hérlandis og erlendis og hafa sýnt mikla færni við skipulag og framkvæmd þeirra. Theresu Himmer hefur undanfarið unnið að verkinu á Jórufelli 2 til 12 sem nú hefur verið afhjúpað. Hún ljósmyndaði steypusýni bak-

við klæðningu hússins í gegnum smásjá og prentaði þau síðan á klæðninguna með tækni svipaðri silkiprykki. Steypuagnirnar taka á sig fullkomlega óhlutbundin form við stækkunina og gætu t.d. verið loftsteinar, malargrjót eða plánetur. Sara Riel vann í sumari 2012 vegglistaverki á Asparfelli 2 til 12 og verður það tilbúið næsta vor.

## Aðalfundur Betra Breiðholts í Gerðubergi

Íbúasamtökin Betra Breiðholt halda aðalfund í Gerðubergi fimmtudaginn 21 nóvember n.k. og hefst hann kl. 20.00. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa; skýrslu stjórnar, framlagningu reikninga, kosningu stjórnar og skoðunarmanna auk annarra mála er ætlunin að ræða eitt og annað sem hvílir á íbúum byggðarlagsins.

Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri í Breiðholti mun ræða um Breiðholtsverkefnið og stöðu þess rúmlega ári eftir að það fór af stað. Rætt verður um gönguleiðir í Breiðholti. Hvað gert hafi verið og hvað eigi að gera í umferðaröryggismálum í Breiðholti. Fjallað verður um gönguleiðir barna að heiman og yfir á íþróttasvæði. Spurt verður hvað íbúarnir vilji gera fyrir hverfið



Helgi Kristófersson formaður íbúasamtakanna Betra Breiðholts.

sitt og hvort eitthvað í nágrenni fólks sem það telur ástæður til

að laga eða bæta. Starf og verkefni Hverfisráðs Breiðholts verða kynnt og fjallað um spurninguna um hvernig skipulag Reykjavíkurborgar virkar. Helgi Kristófersson formaður Betra Breiðholts segir íbúasamtökin vilja velja þeirri spurningu upp hvort fólk finnst rétt að taka út af skipulagi eitthvað sem búið sé að vera þar til margra ára án þess að leggja betri lausn fram. Þá verður rætt um aðstöðu ÍR sem inniheldur stærstu og langöflugustu frjálsíþróttadeild hér á landi en samtökin hvetja til þess að nýr frjálsíþróttavöllur verði staðsettur á athafnasvæði ÍR í Breiðholti. Að lokum má taka fram að kaffi og kökuveisla verður á fundinum þar sem súkkulaðikaka ársins verður boðin fram. Enginn þarf því að hverfa þurrbrjósta af fundi.

Komdu í þægilegt og gott umhverfi  
við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði  
VELKOMIN

Mjóddin



# Brotum fækkað í Breiðholti

Brotum hefur fækkað í Breiðholti. Það koma fram á árlegum fundi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem haldin var í Gerðubergi 28. október síðastliðinn. Á fundinum var einkum rætt um nágrannavörslu, mál efni barna og unglinga og fíkniefnamál sem er svipt umræðuefni og á mörgum fundum hjá lögreglunni í haust. Greinilegt er að mál sem þessi standa fólki nærri.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri og Ómar Smári Ármannsson yfir lögregluþjónn fóru yfir stöðu mála í hverfinu. Fram kom í máli þeirra að síðustu ár hefur jákvæð þróun átt sér stað í Breiðholti líkt og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Brotum hefur fækkað og má nefna innbrot á heimili í því sambandi. Staða mála í Breiðholti er því að mörgu leyti góð og þar er gott að búa, eins



Stefán Eiríksson lögreglustjóri ræðir við íbúa í Breiðholti á árlegum fundi lögreglunnar með íbúum um daginn.

og Breiðhyllingar vita auðvitað um var almennt gott og jákvæðni manna best. Hljóðið í fundargestum var fyrirrúmi.

## Snorri tekur við Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts

Nýr stjórnandi hefur tekið við sprotanum hjá Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts. Stjórnandinn heitir Snorri Heimisson. Hann hefur áður stjórnað Lúðrasveit Verkalyðsins auk þess að vera virkur tónlistarkennari víðsvegar um borgina.

Hjá Skólahljómsveitinni fá nemendur einkakennslu tvisvar í viku á sitt hljóðfæri auk æfinga með Skólahljómsveitinni. Kennslan fer oftast fram í skóla viðkomandi barns, en Skólahljómsveitin kennir í öllum

grunnskólum Árbæjar og Breiðholts. Nám hjá hljómsveitinni kostar 12.500 kr. á önn og hægt er að leigja hljóðfæri hjá hljómsveitinni fyrir 3.500 kr. á önn. Hljómsveitin tekur að sér að koma fram á ýmsum opinberum atburðum innan Árbæjar og Breiðholts. Hljómsveitin heldur tvönnu stóra tónleika á ári auk þess að fara í æfingabúðir, landsmót og utanlandsferðir. Áhugasamir geta kynnt sér heimasíðu hljómsveitarinnar <http://arbaer.skolahljomsveitir.is>



Snorri Heimisson stjórnandi Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts.

**Snyrtibankinn**  
Lóuhólar 2-6

Best geymda leyndarmálið í Reykjavík!  
Snyrtivörur-sokkabuxur-gjafavara ofl..  
Frábær verð, komdu og kíktu við!

Depend Gellack-kit  
kr 7.530



Vatnsheld hleðslu  
rakvél kr 3.263



Opíð: Fim-Föstud. og annan hvern laugard.




**Ásta Björk**

Hárgreiðslumeistari

Tímappantánir í síma  
564 4495 og 848 7783

Hárkó- hársnyrtistofa  
Hlíðasmára 12 - 201 Kópavogur



*Kjartan Magnússon borgarfulltrúi hefur unnið að fjölmörgum málum í þágu Breiðholts á undanförunum árum.*

*Við hvetjum Breiðhyllinga til að kjósa hann í 2. sæti í prófkjörinu og styðja hann þannig áfram til góðra verka.*

**Andrea M. Gunnarsdóttir**

viðskiptafræðingur, í stjórn Hellis og Skáksambands Íslands

**Arnar Einarsson**

formaður Íþróttafélagsins Leiknis.

**Elísabet Ólöf Helgadóttir**

tanntæknir, í foreldrarstarfi ÍR og Leiknis.

**Guðmundur Hallvarðsson**

fyrirverandi alþingismaður og stjórnarformaður Sjómannadagsráðs.

**Guðmundur Hafsteinsson**

formaður Sjálfstæðisfélagsins í Fella- og Hólhverfi.

**Gunnar Björn Gunnarsson**

formaður Sjálfstæðisfélagsins í Skóga- og Seljahverfi.

**Kristján Hreinsson**

varaformaður Sjálfstæðisfélagsins í Bakka- og Stekkjahverfi.

**Sveinn H. Skúlason**

fyrirverandi forstjóri Hrafnistu.

**Þórarinn M. Þorbjörnsson**

gjaldkeri ÍR.

**Grunnþjónustu í stað gæluverkefna!**



PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í REYKJAVÍK

**HILDUR  
SVERRIS**

FYRSTA SÆTI

skýr stefna  
pólítísk ábyrgð  
valkostir & frelsi**NÝ NÁLGUN**  
NÝ TÆKIFÆRI

www.hildursverris.is



Kvenfélagskonur ásamt Jakobi Jóhannssyni yfirlækni geislameðferðar á Landspítala háskólasjúkrahúsi.

## Gáfu 100 þúsund krónur

Kvenfélag Breiðholts gaf á dögunum 100.000 kr. í söfnun Þjóðkirkjunnar fyrir línuhraðli til Landspítala Háskólasjúkrahúss. Kvenfélagið hefur í gegnum árin stutt ótullega við starf Breiðholtskirkju auk þess að styrkja margvísleg líknarmál. Þótt meðalaldur kvenfélagskvennanna sé orðinn

nokkuð hár, láta þær ekki deigan síga eins og hin höfðinglega gjöf sýnir. Það var hátíðleg stund þegar þær færðu Jakobi Jóhannssyni yfirlækni geislameðferðar, gjafabréf kvenfélagsins sem þakkaði gjöfina og þann góða hug sem fylgir með henni.



### 30 ára afmæli á Klipp-art

Í tilefni 30 ára afmælisins bjóðum við upp á frían hárpvott með þjónustu og 20% afsl. af d:fi + ýmis önnur vörutilboð, dagana 14.-17. nóv.

Föstudaginn 22. nóv ætlum við að vera með opið hús frá 16-20.

Kaffi kökur og ýmis tilboð í gangi.

Bjóðum alla velkomna.

**KLIPP-ART**  
H Á R G R E I Ð S L U S T O F A N  
Hólagarði



### Hvern langar í kjúlla?

**20% afsláttur  
af matseðli  
á Breiðholtsdögum**

**HÁDEGISVERÐARTILBOÐ  
FRÁ 12-14  
ALLA VIRKA DAGA**



**17 JÚNÍ**



**GRILL KJÚKLINGUR**

www.17junigrill.is

Sími: 5672300

LÓUHÓLAR 2-6 – HÓLAGARÐUR – TAKE AWAY  
Portúgalskur grill kjúklingur – grill hamborgarar  
Pöntunarsími 567-2300 – www.17junigrill.is

*Innilega velkomín á  
Jólabasar Hollvína  
Grensásdeildar*

*Laugardag 23. nóvember kl. 13-17  
í safnaðarheimili Grensáskirkju.*

*Margs konar handunnir munir, bækur  
og myndir sem henta vel til gjafa.*

*Kaffi, súkkulaði og vöfflur!*

*Komið, gerið góð kaup og styðjið  
gott málefni!*



# Kemur til móts við vaxandi örbirgð í landinu

Fjölskylduhjálpin var stofnuð árið 2003 af fimm konum, Ásgerði Jónu Flosadóttur, Guðrúnu Magnúsdóttur, Önnu Auðunsdóttur, Rögnu Rósantsdóttur og Guðbjörgu Pétursdóttur, saman höfðu þær 80 ára reynslu sem sjálfbóaliðar í góðgerðarstörfum.

Í upphafi var starfsemin stofnuð til að úthluta klæðnaði til fólks sem átti ekki efni á slíku, en fljótlega fóru að berast til þeirra matvæli vegna gríðalegra tenginga inn í atvinnulífið sem þær konur höfðu. Fjölskylduhjálpin er því 10 ára um þessar mundir.

Erfitt var í upphafi að fá sjálfbóaliða til starfa og fékk starfsemin meðal annars hjálparhendur í gegnum fangelsismálastofnun. Í dag getur starfsemin þó valið úr góðum hópi sjálfbóaliða, 70% þeirra sem aðstoða í dag eru öryrkjar. Einnig eru margir vel menntaðir og velstæðir einstaklingar að aðstoða sem vilja láta af sér gott leiða. Allir starfsmenn Fjölskylduhjálparinnar eru sjálfbóaliðar og úthluta þeir matvælu, notuðum og nýjum fatnaði, ungbarnavörum og notuðum og nýjum leikföngum. Hjá Fjölskylduhjálpi Íslands starfa um 50 sjálfbóaliðar á tveimur starfsstöðum, þ.e. í lóufelli 14 í Breiðholti og í Reykjanesbæ.

## Í þágu kvenna, karla og barna í neyð

Fjölskylduhjálpi Íslands starfar í þágu kvenna, karla og barna í neyð. Fjöldi fólks og fjölskyldna



Á vegum Fjölskylduhjálparinnar eru steypt kerti, kölluð kærleiksljós, og til þess er fenginn mör sem kemur norðan úr landi. Fyrst er mörinn hakkaður, síðan bræddur í pottum og loks settur í þar til gerðar dósir með kveik í. Á dósunum er sextán mismunandi hjartalhlýjar áletranir, m.a. „Kærleiksljós til þín,“ „Elsku barnið mitt,“ „Elsku mamma“ og „Elsku eiginkona mín.“

eru á skrá sem þurfa aðstoð í mismiklu mæli, en árið 2006 aðstoðaði Fjölskylduhjálpin yfir 15.000 manns og á síðustu tólf mánuðum hafa verið afhentar um 30.000 matargjafir. Til Fjölskylduhjálpar Íslands leita öryrkjar, atvinnulausir, einstæðar mæður og feður, eldri borgarar, fátækar fjölskyldur og einstæðingar. Þörfin er mikil í íslensku þjóðfélagi, sem státar þrátt fyrir allt af vaxandi velmegun eftir efnahagshrunið. Sú þróun hefur hins vegar ekki náð til allra þjóðfélagshópa, fjöldi þeirra sem



Stefnt er að því að steypa að jafnaði 500 kerti á dag til jóla.

leitar til Fjölskylduhjálpar Íslands sýnir það svart á hvítu.



Sjálfbóaliðar með kærleiksljós sem eru til sölu. F.v. Jónas, Fríða, Guðrún, Ásgerður Jóna, Ásta Katrín, Birna, Anna María og Krístrún.

## HALLDÓR í fyrsta sæti

*leiðtogi sem kann til verka*

Halldorhalldors.is | facebook.com/halldorifyrstsasetid

# Ljósadýrð Garðheima

Fjölskyldufyrirtæki í 22 ár

## GARDHEIMAR

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Kærleikskerti Fjölskylduhjálpar Íslands fást á eftirtöldum stöðum á höfuðborgarsvæðinu:

- í húsakynnum Fjölskylduhjálparinnar að lóufelli 14
- Bensinstöðvum Skeljungs
- Verslunum Krónunnar
- Verslunum Nettó
- Garðheimum
- Hagkaup

# Sýndu kærleik í verki

Kertin eru handgerð tólgarkerti framleidd af sjálfbóaliðum til aðstoðar við heimili í neyð.



# NÝKOMIÐ!

Kjólar - Töskur -  
Skinnkragar

Þið fáid jólafötin og  
jólagjöfina hjá okkur

Verið velkomnar

  
**Fröken Júlia**  
Mjódd - S. 557 5900

# Klipp Art í Hólagarði 30 ára

„Í dag bjóðum við uppá alla almenna hársnyrtiþjónustu ásamt förðun og erum einnig með mjög fjölbreytt úrval af hársnyrtivörum. Við erum að selja förðunarvörur frá NN cosmetics og erum með opnunartíma frá 10 til 18 en 10 til 20 alla fimmtudaga og á laugardögum frá 10 til 14. Við erum líka alltaf með 15% afslátt fyrir eldri borgara alla virka morgna frá 10 til 12 af allri þjónustu,“ segir Svea Sigurgeirsdóttir, hársnyrtir á Klipp-Art í Hólagarði í samtali við Breiðholtsblaðið. Svea ætlar að efna til afmælisfagnaðar 22. nóvember en þá verða 30 ár frá því að stofan var opnuð. „Já – við ætlum að hafa opið hús á milli kl. 16 og 20. Þá verðum við með ýmis tilboð og kynningar og að sjálfssögðu kaffi og meðlæti.

Eitt af verkefnum Klipp-Art er námskeiðshald og er nú boðið uppá ýmis námskeið reglulega. Eitt af þeim er fléttunámskeið sem slegið hefur rækilega í gegn. Um námskeiðin má fræðast frekar á heimssíðu stofunnar sem er [www.klipp-art.is/](http://www.klipp-art.is/) Svea segir að stofan eigi sér mjög breiðan hóp viðskiptavina sem koma bæði úr nágrenninu en einnig víðar



Svea ætlar að efna til afmælisfagnaðar 22. nóvember en þá verða 30 ár frá því að stofan var opnuð. „Já – við ætlum að hafa opið hús á milli kl. 16 og 20. Þá verðum við með ýmis tilboð og kynningar og að sjálfssögðu kaffi og meðlæti

að. Þótt við höfum átt góðan og fastan hóp viðskiptavina þá er stöðugt að bætast í hann. Viðskiptavinirnir eru oft fastheldnir þegar kemur að hársnyrtingu. Þeir velja sér stofu og svo myndast tengsl sem halda. Ég held að þetta sé eins og í mörgu öðru,“ segir Svea.

Segja má að upphaf hársnyrtistofunnar hafi verið í heimahúsi í Hólahverfinu, í Dúfnahólum þar sem Guðfinna Jóhannsdótt-

ir Hoogland stofnandi stofunnar sinni hársnyrtistörfum. Þegar fjölskylda hennar stækkaði flutti hún vinnustofuna út úr íbúðinni hjá sér og veðjaði þá á Hólagarð sem framtíðar stað fyrir hársnyrtistofu eða hárgreiðslustofu eins og þær voru kallaðar á sínum tíma. Þegar hún flutti úr hverfinu tók Birna Sigfúsdóttir við rekstri hársnyrtistofunnar og rak hana í um fimm ár en þá tók Svea við. „Nei – það hvarflaði aldrei að mér að ég væri að taka ranga ákvörðun um að fara í Hólagarðinn.

Svea er Vestmannaeyingur og kom fyrst í Breiðholtið í eitt ár til þess að prufa en líkaði svo vel að hún hefur ekki viljað fara síðan. Þetta eina ár er því orðið nokkuð langt. „Ég er dreifbýlismanneskja í mér og finn hér margt af því sem ég ólst upp við í Eyjum. Þessi notalega stemmning þar sem maður hittir sama fólk í stundum dag eftir dag. Þetta heldur í mig hér og á trúlega rætur að rekja í uppvöxt minn í litlu samfélagi.“ Svea segir að alltaf hafi verið nóg að gera frá því hún tók við stofunni og trúlega verið frá byrjun. „Ég byrjaði sem rakari og bætti hárgreiðslunni síðan einnig við mig. Starfsemi rakara- og hárgreiðslustofa hafa fallið saman og í dag eru þetta að mestu orðnar hársnyrtistofur sem sinna bæði konum og körlum. Við erum með mjög breiðan hóp viðskiptavina. Og þessi breidd hefur verið að aukast. Þetta er hluti af tilveru Hólagarðs,“ segir Svea. „Starfsemi þar sem eitt dregur fólk að öðru.“

**Lára Óskarsdóttir**  
í **4. sæti**  
á lista  
Sjálfstæðisflokksins,  
**16. nóvember.**



#### Áherslur:

- Umferðarmál og skipulagsmál.
  - Velferðarmál.
  - Skóla og fristundamál.
  - Ég vil horfa á borgina sem eina, stóra heild. Myndaða úr sjálfbærum hverfum sem sjá íbúum fyrir menningu og þjónustu.
- Facebook: Lára Óskarsdóttir í 4. sæti

Verjum hagsmuni Breiðholts!

Kjósum  
Sigurjón Arnórsson í 4.–6. sæti í prófkjöri  
Sjálfstæðisflokksins 16. nóvember



Sigurjón Arnórsson er Breiðhyllingur og situr í stjórn Sjálfstæðismanna í Skóga- og Seljahverfi

**Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar.**  
Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskólinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- Ætlar þú að fara með ökunema í æfingaakstur?  
Við bjóðum upp á sérstakt leiðbeinendanámskeið vegna æfingaaksturs á tveggja vikna fresti.
- Þarf þú að bæta þekkingu þína á nýjungum í umferðinni?  
Bjóðum upp á bæði fræðilega og verklega þjálfun.
- Bóklegt nám fyrir alla flokka ökunáms.
- Meirapróf.
- Nýjung, ökuhermar notaðir við kennslu.
- Fagmennska í fararbroddi.



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opið 10–17 alla daga.



VT Fasteignir er ný fasteignasala sem ætlar að auka ráðgjöf í fasteignaviðskiptum:

# Breiðholt eitt best geymda leyndarmálið

VT Fasteignir er ný fasteignasala sem hefur tekið til starfa og er til húsa að Bíldshöfða 14. Framkvæmdastjóri VT Fasteigna er Breiðhýltingurinn Kristinn Tómasson lögg. fasteigna- og skipasali en hann starfaði áður sem forstöðumaður Verðbréfa og lífeyrisráðgjafar Landsbankans.

„Breiðholt er að mínu mati eitt best geymda leyndarmál höfuðborgarsvæðisins. Ég segi það sem Breiðhýltingur. Ég er alinn upp í Breiðholti og bý enn í hverfinu og er stoltur af því. Hverfið er rótgróið og mjög stutt er í alla þjónustu sem og mikla náttúruferlu í Elliðaárdal. Breiðholt er mjög barnvænt hverfi enda er mikið af grænum svæðum og þar eru einnig mjög góðir skólar og leikskólar. Breiðholt er í dag mjög miðsvæðis og auk þess eru frábærar samgöngur í gegnum Mjóddina,“ segir Kristinn.

## Hefur upp á margt að bjóða

Kristinn segir að Breiðholt hafi upp á margt að bjóða og sé þar af leiðandi spennandi staður til að búa á bæði fyrir ungt fjölskyldufólk sem og þá eldri. „Hér er eins og áður segir mjög gott skólustarf og margir góðir leikskólar, grunnskólar og þar að auki stærsti framhaldsskóli landsins, Fjölbrotaskólinn í Breiðholti. Þróunar- og umbótastarf er fram-sækið, sem dæmi má nefna Græn-fánaverkefni leikskólans Fálkaborgar og Græn-fánaverkefni Seljaskóla. Nýuppgerð skólalóð Hólabrekkuskóla hefur þegar sannað gildi sitt sem félagslegur og námslegur vettvangur. Nemendur sjá sjálfir um umhirðu lóðarinnar sem er til mikillar fyrirmyndar,“ segir hann.

## Mjög góð aðstaða til íþróttaiðkunar og útivistar

Kristinn segir að aðstaða til íþróttaiðkunar og útivistar sé mjög góð í Breiðholti enda er stutt í fallega útivistarparadís í Elliðaárdal þar sem gönguleiðir, hjóla- og reiðstígar eru fjölmargir. „Útsýni yfir borgina og næsta nágrenni er stórbrotið auk þess sem skíðabrekkan við Jafn-asel nýtur vaxandi vinsælda. Nýtt félagsheimili Leiknis hefur stórbætt alla aðstöðu hjá íþróttafélaginu. Í næsta nágrenni eru íþróttamiðstöðin við Austurberg og Breiðholtslaug en þar er að margra mati besti nuddpottur í sundlaugum borgarinnar. Stórt íþróttahús er við Seljaskóla og annað íþróttahús við Fellaskóla og í Breiðholtsskóla. Skólasundlaugar eru við Ölduselsskóla og Breiðholtsskóla. Þrátt fyrir góða íþróttastöðu í hverfinu er þörf fyrir uppbyggingu íþróttamiðstöðvar á ÍR-svæðinu í Suður Mjódd.“

## Fjölmennasta hverfið

Kristinn nefnir að dæmi um vaxtabrodda í Breiðholti sé m.a. Heimaþjónusta Reykjavíkur sem er til húsa í Mjóddinni og býður til að mynda upp á heimahjúkrun. „Samstarf þeirrar stofnunar við þjónustumiðstöð Breiðholts, sem einnig er til húsa í Mjódd, hefur farið vaxandi. Þjónustumiðstöðin sinnir m.a. félagslegri heimaþjónustu, félagsþjónustu og sérfræðiþjónustu við leikskóla og grunnskóla. Þá er samstarf heilsugæslunnar, þjónustumiðstöðvar, barnaverndar og barna- og unglingsdeildar LSH að styrkjast og er það liður í að styrkja nærþjónustu við íbúa hverfisins. Nýtt samstarf í því skyni að halda uppi virkni atvinnulauss ungs fólks er í þróun í hverfinu.“

Kristinn bendir á að Breiðholt sé fjölmennasta hverfi Reykjavíkurborgar með ríflega 20.600 íbúa á 7.678 heimilum. Af þeim er hátt hlutfall erlendra ríkisborgara eða 10,2% miðað við ríflega 8% að meðaltali í Reykjavík. Aldurskiptingu íbúa svipar til meðaltals aldurskiptingar borgarbúa í borginni allri. Kristinn segir

það spennandi verkefni að koma á fót fasteignasölu og er fullur tilhlökkunar að takast á við starfið í fasteignageiranum.

## Fjármögnun gríðarlega mikilvæg í fasteignakaupum

„Við hjá VT Fasteignum ætlum að veita viðskiptavinum okkar ráðgjöf í fasteignaviðskiptum og sérhæfum okkur í lánamálum fyrir fjármögnun fasteigna og endurfjármögnun. Fjármögnun í fasteignakaupum er gríðarlega mikilvægur þáttur og getur skipt sköpum fyrir fólk. Það þarf ekki endilega að vera besti kosturinn fyrir fólk í fasteignahugleiðingum að leita til síns viðskiptabanka því

ávallt eru nokkrir kostir í boði þegar kemur að því að fjármagna húsnæðis-kaup,“ segir Kristinn.

„Við viljum að okkar viðskiptavinir ráði vel við fasteignakaup sín og njóti hagstæðustu fjármögnunar hverju sinni. Við munum styðja vel við bakið á fólk hvað þetta varðar. Stóra málið er að teygja sig ekki endilega að enda greiðslumatsins í hvert sinn sem fasteign er keypt. Æskilegra er að hafa aðeins borð fyrir báru því ætíð er viðbúið að fólk verði fyrir óvæntum útgjöldum sem sett geta strík í reikninginn,“ segir Kristinn og bætir við viðtökurnar hafi verið góðar en fasteignasalan sé eðlilega að leita að eignum á skrá enda nýtekin til starfa.



Breiðhýltingurinn Kristinn Tómasson.

**ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ – NJÓTTU**

[www.kexsmidjan.is](http://www.kexsmidjan.is)

[www.facebook.com/Kexsmidjan](http://www.facebook.com/Kexsmidjan)



# Hlutverk hins opinbera

Borgin hefur því hlutverki að gegna að þjóna íbúum sínum og mæta óskum þeirra en ekki beita þá þvingunum til að uppfylla útópíska sýn ráðamanna um hvernig samfélagið ætti að vera. Þegar þeir sem eru við stjórnvölinn hlusta ekki á óskir þeirra sem í samfélaginu búa er óhjákvæmilegt að íbúar kjósi sér aðra fulltrúa eða færi sig um set. Undanfarnir 10 ár hefur fólksfjölgun í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur verið um 27% en í Reykjavík hefur hún aðeins verið um 6%. Það má draga af því þá ályktun að íbúum finnst borgaryfirvöld ekki hlusta á sig.

Háværar raddir hafa heyrst um stöðu Reykjavíkurflugvallar og um 70 þúsund undirskriftum hefur verið safnað þar sem skorað er á stjórnvöld að tryggja öllum landsmönnum óskerta flugstarfsemi í Vatnsmýri til frambúðar. Flugvöllurinn er stór vinnustaður og óvissan um framtíð hans er ekki til þess fallin að stuðla að nýsköpun, þróun og vexti fyrirtækja þar. Við óbreyttar aðstæður munu þessi fyrirtæki missa af sóknarfærum. Þrátt fyrir þessar raddir og þá staðreynd að gífurlegt fjármagn þyrfti til að breyta núverandi fyrirkomulagi hafa borgaryfirvöld ákveðið að viðhalda áframhaldandi óvissu um flugvallarsvæðið til ársins 2022.

Samkvæmt nýju aðalSKIPULAGI á að þvinga þann hóp sem kys að ferðast um á bíl til að velja sér annan ferðamáta; með því að fækka bílastæðum, þrengja götur og hægja á umferð.

Reykjavík er nyrsta höfuðborg heims og því allra veðra von. Um 80% borgarbúa velja að ferðast um borgina í einkabíl. Bílar eru alltaf að verða umhverfisvænni og öruggari og helstu forsendur skipulagsins verða því ekki mikið lengur til staðar. Í Reykjavík á að vera hægt að tryggja skilvirkar og öruggar samgöngur þar sem allir komast leiðar sinnar á ánægjulegan hátt.

Fólk á að fá að velja sér sinn lífstíl og borgaryfirvöld eiga að bera virðingu fyrir vali þess. Ef stjórnvöld ætla að skipta sér af lífstíl fólks t.d. vegna umhverfiseða heilsusjónarmiða ætti að gera það með hvatningu og fræðslu en ekki forræðishyggju.

*Herdís Anna Þorvaldsdóttir*



**Herdís Anna Þorvaldsdóttir**

# „Stutt að fara“ eru mikil gæði

Ágæti Breiðhýltingur, nú er mörgum tíðrætt um mikilvægi þess að þetta byggð í Reykjavík og mest horft til þess að fjölga íbúðum fyrir ungt fólk í miðbænum. Ég vil frekar horfa til hinna fjölbreyttu hverfa Reykjavíkur. Að efla þjónustu í hverfunum, sérstaklega fyrir yngri og eldri íbúa. Sjálfur hef ég kynnst því hversu mikil gæði felast í því að stutt sé í flesta almenna þjónustu. Þannig á það að vera í hverfunum í Reykjavík, að í hverju þeirra sé rekin öflug opinber þjónusta, að þar séu eftirsóknaverðir grunn- og leikskólar, fjölbreytt framboð af íþróttá-, tómstunda- og félagsstarfi, heilsugæsla, félagsþjónusta og fleira. Með öflugri opinberri þjónustu fylgir síðan önnur þjónusta og verslun sem styrkir hverfin enn frekar. Þannig aukum við ánægju

íbúanna og gerum við hin ólíku hverfi áhugaverðari.

Hættum að einblína á þéttingu miðbæjarins. Höldum frekar áfram að „þétta“ búsetuskilyrðin í hinum ólíku hverfum borgarinnar. Ungu fólk á að finnast eftirsóknarvert að búa í Breiðholti, þar sem þjónustustigið er hátt og stutt er í alla þjónustu. Sérstaklega ungu barnafólki, sem vill að það sé stutt fyrir börnin sín að sækja þá þjónustu sem þau þurfa, stutt í opin svæði og nægt rými fyrir leik. Sama á að gilda fyrir eldri íbúa þó þeirra þarfir séu aðrar.

Það vilja ekki allir búa í miðbænum. En þangað er auðvitað margt að sækja. Og fyrir þá sem eiga erindi út fyrir Breiðholt, þurfum við að efla samgöngur og greiða fyrir umferð. Það gerum við með

stórátaki í framkvæmdum við stofnbrautir. Þannig verður betra að búa í Breiðholti.

Þéttling byggðar í Reykjavík á líka að snúast um að „þétta“ byggð í Breiðholti. Það á að vera „stutt að fara“ til að sækja almenna þjónustu innan hverfis og fljótlegt að fara á milli hverfa. Það eru gæði.

*Örn Þórðarson sækist eftir 5. til 6. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.*



**Örn Þórðarson.**

# Stöðvum skuldasöfnun – Byggjum upp

Kæru Reykvíkingar. Hér koma mín helstu stefnumál. Stöðva þarf stjórnlaus skuldaförnu núverandi borgarstjórnarmeirihluta og stefna skal að hallalausum A-hluta borgarsjóðs árið 2015. Fjármunum skal forgangsraðað í þágu grunnþjónustu. Efla þarf grunnþjónustuna og gera þá þætti hennar er snúa að persónulegri þjónustu notendavænni. Efla heilsugæsluna á þann hátt sem hagkvæmastur er, bæði fyrir borgarbúa og borgina sjálfa.

Stuðla þarf að auknu samráði og samstarfi við foreldrasamtök grunn og leikskóla. Stefna ákvarðanatöku í þeim málaflokkum enn frekar í farveg, faglegra vinnubragða og samráðs.

Reykjavíkurflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni og hafist verði handa við byggingu samgöngumiðstöðvar, er þjóni innanlandsfluginu og samgöngum til og frá borginni og innan hennar.

Ég vil sjá bætingu á öllum sviðum samgöngumála. Efla samgöngur við úthverfin og á milli þeirra. Ég vil stuðla að stórauðni viðhaldi stofnbrauta og annarra gatna borgarinnar. Vinna þarf markvisst að auknu umferðarflæði.

Tryggja þarf nægan tækjakost borgarinnar til snjósmokst-

urs. Hvort sem það verði gert með kaupum á tækjum eða með verktakasamningum. Það er ekki boðlegt að embættismenn borgarinnar eða þá borgarfulltrúar, afsaki ónógan snjósmokstur með því að, ekki hafi verið búist við öllum þessum snjó!

Einfalda gjaldskrá sorphirðu, þ.e. eitt sorphirðugjald óháð mismunandi tegundum tunna og annarra þátta, þar sem sérstakt gjald bæst við almenna sorphirðugjaldið. Ég vil afnema „15 metra gjaldið“.

Þjóða skal út efnistöku til moltugerðar frá heimilum. Stuðla að því að borgin leggi sín lóð á vogarskálarnar við að gera byggingakostnað íbúða lægri í borgarlandinu. Með því að taka til endurskoðunar gjaldtöku og greiðsluform hinna ýmsu byrjunargjalda við húsbyggingar, eins og gatnagerðar, holræsa og tengigjöld.

*Kristinn Karl Brynjarsson.*



**Kristinn Karl Brynjarsson.**

[www.breiðholt.is](http://www.breiðholt.is)

MATUR OG VÍN:

# Uppskrift mánaðarins

## Grísahnakki ofnbakaður með sinnepssósu

### Leiðbeiningar:

Hitið ofninn í 200°C. Blandið saman í skál hvítlauk, rósmarín, salti og pipar og nógu mikilli olíu til að úr verði mauk. Skerið 1 cm djúpar raufar í kjötið og nuddið kryddinu í þær. Setjið í eldfast mót og bakið í 1 1/2 klst. Hitið smjórið í potti, setjið laukinn út í og svitið hann þar til hann verður mjúkur. Hellið hvítvíni og rjóma út í og kryddið með salti og pipar og órlitlum kjótkrafti. Sjóðið niður um

þriðjung eða þar til sósan fer að þykkna nægilega vel. Smakkið til og bætið kryddi í eftir þörfum. Setjið sinnepið saman við og berið fram.

### Hráefni:

1,5 kg grísahnakki  
8 hvítlauksgeirar, saxaðir  
1 msk ferskt rósmarín, saxað  
1 msk sjávarsalt  
1 msk nýmalaður svartur pipar  
jómfrúarolía

### Sósan:

1 msk smjör  
1 laukur, smátt saxaður  
250 ml rjómi  
250 ml hvítvín  
2 msk Dijon sinnep  
sjávarsalt og nýmalaður pipar  
kjótkraftur



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

### Piccini Memoro, rautt - ítala

1.999 kr.

Dökkrúbinrautt. Þétt fylling, þurr, fersk sýra, þroskuð tannín. Sælgætiskenndur berjablámi, vanilla, eik.

### Masi Modello rauðvín

1.799 kr

Rúbinrautt. Létt fylling, þurr, fersk sýra, mild tannín. Berjablámi, kirsuber, lyng.

## Uppskrift mánaðarins

Þennan rétt völdum við sem uppskrift mánaðarins því hann er mjög gómsætur og einfaldur í eldamennsku og ekki skemmir að öll aðföng má fá á einum stað í næstu Nóatúnsverslun.

Það kórónar hverja máltíð að njóta þess að drekka gott vín með matnum. Við látum fylgja hér með tillögur að tveimur vintegundum sem hæfa þessum rétti alveg einstaklega vel.

Verði ykkur að góðu.

**NÓATÚN**



# Breiðholtið er lykilhverfi borgarinnar

Ég leita eftir stuðningi við að skipa áfram 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í næstu borgarstjórnarkosningum. Það er skoðun mín að rjúfa þurfi þá kyrrstöðu sem ríkt hefur á mörgum sviðum í valdatíð núverandi meirihluta.



Kjartan Magnússon

draga úr slysum, greiða fyrir umferð og draga úr mengun.

• Bætum hag eldri borgara með því að tryggja aukid lóðaframboð fyrir þjónustuíbúðir á viðráðanlegu verði.

Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að gera Reykjavík að enn liflegri og skemmtilegri borg þar sem frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja er virkjað og þar sem öll hverfi fá að njóta sín.

Kjartan Magnússon

Á undanförunum árum hef ég beitt mér fyrir ýmsum málum er varða íbúa í Breiðholti.

Sem dæmi um má nefna:

• Tillaga um gervigrasvöll ÍR flutt 2004. Völlurinn tekinn í notkun 2007.

• Tillaga um Leiknishúsið flutt árið 2005. Húsið tekið í notkun 2009.

• Skólalóð Hólabrekkuskóla endurgerð 2008-2009, skólalóð Fellaskóla 2010 og skólalóð Seljaskóla 2010-2013.

• Tillaga um endurgerð skólalóðar Breiðholtsskóla á árinu 2014. Jafnframt verði lagður göngustígur frá skólalóðinni að gamla ÍR-vellinum og hún þannig tengd hverfinu betur.

• Tillaga um endurgerð skólalóðar Ölduselsskóla á árinu 2014. Aðkoma bætt að skólanum í þágu umferðaröryggis barna haustið 2013.

• Tillaga um viðhald og endurbætur á húsnæði Breiðholtsskóla.

• Tillaga um endurbætur og lagfæringar á félagssvæði ÍR við Skógarsel.

• Tillaga um endurbætur á leikskólalóð Hólaborgar.

• Urbætur á Leiknissvæðinu, t.d. endurbætur á æfingavöllum barna- og unglingastarfs.

• Tillögur um lagningu viðargólfs í íþróttahúsi Seljaskóla og Austurbergi.

• Á síðasta ári tók ég málefni pósthjónustu í Breiðholti upp í borgarstjórn og mótmælti fyrirhugaðri lokun einu póstafræðslunnar í þessu fjölmennasta hverfi landsins.

Næstu fjögur árin mun ég leggja áherslu á eftirfarandi:

• Að auka gæði menntunar, m.a. með aðstoð samræmdra mælinga og tryggja að foreldrar fái umsagnarrétt um ráðningu skólastjórna.

• Aukið gagnsæi í fjármálum borgarinnar þannig að borgarúar séu upplýstir um kostnað verkefna.

• Að lækka skatta með því að afturkalla þær útsvarshækkningar sem núverandi borgarstjórnarmeirihluti hefur íþyngt borgarúum með.

• Aukið umferðaröryggi með mislægum umferðalausnum sem

Þetta hefur farið mjög vel af stað hjá okkur sagði Halli fiskkaupmaður í Sjávarhöllinni við Breiðholtið en hann er einnig þekktur af rekstri fiskbúðar við Háaleitisbraut og því enginn nýgræðingur í fiskisölu og þjónustu við viðskiptavini. Sjávarhöllin var opnuð í Hólagarði fyrr í haust í húsnæði því þar sem blómabúðin var áður næst aðalinngangi í verslunarmiðstöðina og beint á mót Leiksportsi Braga. Einar Steindórs-son sem lengi rak best varðveitta leyndarmálið í Þingholtunum – Fiskbúðina við Freyjugötu starfar með honum en hann hætti rekstri verslunar sinnar í lok júní. Halli er þekktur fyrir gott ferskmeti og segir í samtali við Breiðholtið mikla áherslu lagða á að bjóða upp á ferskan fisk beint af fiskmarkaði alla daga. „Og nú er maður að undirbúa skötuna,“ og var þar með rokinn í það vandaverk. Á myndinni má sjá eigendur og starfsfólk Sjávarhallarinnar í Hólagarði. Fr.v. Dagbjört, Einar, Halli, Sólmundur, Helga Kristín og Unnur María. Á myndina vantar sérlegan bollusteikjara Alexander Inga á myndina.

## Ný fiskbúð í Hólagarði



# HUGMYNDIN ÞÍN GÆTI ORÐIÐ AÐ VERULEIKA!

Breiðholt

# BETRI HVERFI 2014

betrireykjavik.is



Reykjavíkurborg leitar nú til íbúa í þriðja sinn um að koma með hugmyndir að verkefnum sem bætt geta hverfi borgarinnar. Kosið verður um hugmyndirnar í hverfiskosningum 2014. Settu hugmyndina þína á Betri Reykjavík – Betri Hverfi 2014 [betrireykjavik.is](http://betrireykjavik.is)



Betri hverfi með blóm í haga!

Tekið verður við hugmyndum frá 1. nóvember til 1. desember

 **Betri hverfi**  
Forval verkefna í hverfum Reykjavíkur

Settu hugmyndina þína inn á Betri hverfi á [betrireykjavik.is](http://betrireykjavik.is) í nóvember.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

**Vandaðir krossar á leiði!**



**JS LJÓSA SMÍÐJAN**  
VÉLAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN

Skemmuvegji 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



# Draugar og nornir í Miðbergi



Græn beinagrind og leðurblökumaður fyrir framan Miðberg.

**Draugar og nornir mættu þeim sem komu á Hrekkjavöku í Miðbergi en þar mátti hlusta á draugasögur, fara á nornakaffihús og skrifa í gegnum draugagöngin.**

Mikill spenningar var meðal gesta á Hrekkjavökunni sem starfsmenn Miðbergs stóðu fyrir í haustfríinu. Boðið var upp á andlitsmálningu til að fullkomna hins ýmsu gervi en þarna voru mættar til leiks ofurhetjur ýmsar, nornir, vofur og prinsessur. Sann-

kölluð draugastemming ríkti og var hálfmyrkvað í frístundamiðstöðinni þar sem gestir reyndu sig á ýmsum hugrekksprautum. Í almyrkvuðum sal voru sagðar draugasögur, börnin fengu að "þreifa á heila" og sumum skall illilega skelkur í bringu í draugagöngunum. Síðast en ekki síst gátu gestir gætt sér á nornaveitingum, grænum vöflum og göröttum drykkjum og var augljóst að allir, börn og fullorðnir, höfðu nokkuð gaman af.

# Tímasett verkáætlun og hreinn meirihluti

Það er af nógu að taka þegar rætt er um stefnumál Reykjavíkurborgar sem eru margþætt og spennandi. En það þarf að koma þeim í framkvæmd í öflugum meirihluta Talað er um að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki náð hreinum meirihluta í borginni lengi og að landslagið hafi breyst það mikið að það sé varla gerlegt lengur. Þessi umræða er mér ekki að skapi því árangur okkar í kosningum byggist alltaf á því hvernig okkur tekst til með blöndu af endurnýjun og reynslu á listanum. Og í framhaldi af því hversu áhugaverð og raunhæf stefnumálin verða og þar með hvort þau höfða til meirihluta borgarbúa eða ekki. Það er okkar sem ætlum að vera í framboði fyrir borgarbúa að hafa sjálfstraust og skýra sýn á hvert við sjálf ætlum. Kjósendur fylgja þeim sem veit hvert hann ætlar og hvernig hann ætlar þangað.

Sjálfstæðisfólk í Reykjavík mun ákveða listann í prófkjöri 16. nóvember. Það er persónukjör þar sem fjöldi fólks ákveður niðurstöðuna. Ekkert framboð stillir upp sínum listum með eins lýðræðislegum hætti og Sjálfstæðisflokkurinn gerir.

Fái ég til þess umboð mun ég leggja fram tímasetta verkáætlun um hvernig koma skuli stefnumálum í framkvæmd og hvenær á kjörtímabilinu. Í forgangi verða:

- Rekstur borgarinnar og lagfæringar á honum
- Hlutverk höfuðborgarinnar sé rækt og þannig gætt að hagsmunum borgarbúa
- Höfuðborgin hlúi að samgöngum, ekki síst innanlandsfluginu
- Taka upp nýtt aðalskipulag vegna þéttingar byggðar og umferðarmála

• Þetta byggð og bæta aðstöðu gangandi og hjólandi vegfaranda en ekki á kostnað þeirra sem vilja og þurfa nota bílinn sem samgöngutæki

• Auka enn frekar áherslu á vistvænar samgöngur, bæði einkabilinn og almenningssamgöngur. Tæknin leiðir okkur inn á nýjar brautir

• Innleiða nýja hugsun í skólumálum

• Öll félagsþjónusta á að miðast við að vernda og gæta og hjálpa fólki til sjálfshjálpar

\* Finna hagkvæmar leiðir til að nýta einkareksturinn og hræðast ekki breytingar

Hér eru aðeins nokkur mikilvæg dæmi tekin. Með tímasettri verkáætlun geta borgarbúar fylgst með hvernig gengur að vinna eftir slíkrri áætlun og minnihlutinn hefur um leið ágætis verkferil til að vinna eftir og halda nýjum meirihluta við efnið. Þannig skapast aðhald og eftirlit með því að við sem lofum að vinna verkin gerum það í raun. Ég mun leggja mig fram um að vinna þau verk, sem borgarbúar fela mér að vinna, af alúð og samviskusemi.

Sjálfstæðisfólk í Reykjavík getur treyst mér til að leiða lista Sjálfstæðisflokksins í höfuðborginni til góðs árangurs í kosningum næsta vor.

Halldór Halldórsson



Halldór Halldórsson

# Margrét Friðriksdóttir býður sig fram í 2-4. sæti

Fjölskylduhagur: Margrét er sjálfstæð 36 ára 2. barna móðir, fædd og uppalin í Laugarnes og Langholtshverfinu í Reykjavík, dóttir þeirra Friðriks Alexandersonar fv. skipstjóra og verslunarmanns f. 1933 d. 1995 og Hildu Hafsteinsdóttur fv. verslunarkonu f. 1949 d. 2013.

Menntun: Margrét er með diplomu í frumkvöðlafræðum (Professional diploma in entrepreneurship) frá Keili miðstöð vísinda fræða og atvinnulífs (2010), hún lauk námi í prentsmíð og grafískri miðlun (2006) frá Iðnskólanum í Reykjavík og er með diplomu í forritun frá Tölvu og verkfræðisþjónustunni.

Starf: Margrét starfar sjálfstætt og sem freelancer í grafískri miðlun. Margrét var starfsmaður þjóðfundar 2010 og þátttakandi í ýmsum grasrótahópum og þjóðfélagsmæðum frá 2009-2012. Margrét stofnaði til fyrstu Icesave mótmælanna á Íslandi fyrir utan Stjórnarráðið og Alþingishúsið 21. nóv 2009 og

hélt meðal annars uppi Icesave mótmælendasíðu á facebook sem nefndist "I am no Iceslave". Áhugi Margrétar á stjórnmálum hófst um og eftir hrúnið 2008 þegar mikil vitundarvakning varð í þjóðfélaginu á þeim málefnum og vonast til að geta komið að því að breyta til hins betra og endurheimt traust fólksins á þeim vettvangi, þá með gegnsæi og heiðarleikann að leiðarljósi.

Margrét óskar eftir stuðningi sjálfstæðisfólks og borgarbúa í Reykjavík. facebook síða: <https://www.facebook.com/MaggaFrikka>



Margrét Friðriksdóttir.



# Herdís Þorvaldsdóttir 5. sæti

herdisthorvalds.is

Einkarekið apótek  
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS APOTEK**  
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg  
Opíð kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • [www.gardsapotek.is](http://www.gardsapotek.is)

**Örn Þórðarson**  
í 5. - 6. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins



Þekking Reynsla  
[www.facebook.com/xornthordarson](http://www.facebook.com/xornthordarson)

**Breiðholtsblaðið**

Auglýsingasími:  
**511 1188**



## Skemmtikraftar kosta sitt

Líklega eru margir þeirrar skoðunar að núverandi borgaryfirvöld hafi verið tiltölulega meinlaus á kjörtímabilinu. Þau hafi að vísu ekki staðið í stórræðum, en heldur ekki gert neitt af sér sem orð sé á gerandi. Þau hafi fært til styttr, málað reiðahjólmyndir á götur, rifið upp aspir, leikið klæðskiptinga og skemmt sér og öðrum í 101.

En þessi meinlausa mynd af borgarstjórnarmeirihlutunum er villandi. Í þeim tilfellum sem þau hafa komið endurskipulagningu sinni í framkvæmd hafa þau flækt hlutina með meiri kostnaði og fyrirhöfn fyrir borgarbúa. Dæmi um það eru breytingar á sorphirðu og sameiningar á grunnskólum.

Í öðru lagi hafa borgaryfirvöld ekki setið auðum höndum. Þau

hafa unnið að skipulagi og samgöngustefnu sem mun lengja ferðatíma fólks umtalsvert á næstu árum og rýra á ýmsan hátt búsetuskilyrði borgarbúa, einkum þeirra sem búa í efri hverfum borgarinnar.

Í þriðja lagi hafa gæluverkefni borgarstjórnar kostað sitt en við borgarbúar verðum að borga brúsann. Frá því að núverandi meirihluti tók við árið 2010 hafa skatttekjur hækkað um 26% í borginni. Þær voru tæpir 50 milljarðar árið 2010 en eru áætlaðar 63 milljarðar á næsta ári.

Skuldabyrði borgarsjóðs hefur aukist um 115% frá því núverandi borgarstjórn tók við völdum. Frá árinu 2010 hafa hreinar skuldir borgarsjóðs vegna A-hluta hækkað um 26 milljarða króna eða úr

23 í 49 milljarða. Aukningin nemur 6,5 milljörðum króna á ári frá árinu 2010, sem jafngildir 750 þúsund kr. á klukkustund allt kjörtímabilið. Meðalfjölskylda í Reykjavík mun því greiða ríflega 440 þúsund krónum hærri upphæð í gjöld og skatta til Reykjavíkurborgar en hún gerði þegar skemmtikraftarnir komust til valda. Þeir hafa því kostað sitt.

Marta Guðjónsdóttir



Marta Guðjónsdóttir.

## Nauðsyn á bættri íþróttaaðstöðu

Þrátt fyrir háværar raddir borgarbúa um bætta aðstöðu til íþróttaiðkunar í borginni hafa fjárframlög Reykjavíkurborgar til Íþrótt- og tómstundasviðs sáralítið hækkað frá árinu 2012. Í nýrri fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir 5,8 milljörðum í málaflökkinn, en voru 5,6 og 5,2 milljarðar árin 2013 og 2012 á verðlagi hvers árs.

Það lítur því út fyrir að núverandi meirihluti sjái engan tilgang í því að koma barna- og unglingsstarfi í hverfum borgarinnar í betra horf með bættri aðstöðu en mörg íþróttafélaganna eru í miklum vandræðum með að finna tíma í íþróttahúsum borgarinnar til að mæta auknum fjölda iðkenda. Þar af leiðandi geta félögin ekki tekið við öllum þeim börnum sem hafa áhuga á að stunda íþróttir og þurfa að vísa þeim til annarra félaga, eða jafnvel til annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Þessu vil ég breyta. Ég vil auka aðgengi barna að íþrótt- og tómstundastarfi með þátttöku borgarinnar. Það kemur stöðugt betur í ljós að íþróttir eru besta vopnið í baráttunni gegn ýmsum vágest-

um nútímans eins og offitu og hreyfingarleysi. Ótal rannsóknir sýna einnig að regluleg hreyfing bætir námsgetu og geðheilsu og er því besta forvörnin. Það ætti því öllum að vera ljóst að fjármunum sem varið er til uppbyggingar íþróttamannvirkja er vel varið.



Björn Gíslaon.

Björn Gíslaon.  
Höfundur er slökkviliðsmaður og býður sig fram í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

## Okkar fulltrúi: Hvernig tryggjum við hagsmuni Breiðholts?

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir næstu borgarstjórnakosningar fer fram laugardaginn 16. nóvember, klukkan 9:00 til 18:00. Kjörstaðirnir verða staðsettir í Valhöll, Hótel Sögu, Mjódd, Árbæ og í Grafarvogi. Samkvæmt nýjasta aðalskipulagi núverandi borgarstjórnar er aðaláherslan lögð á uppbyggingu gamla miðbæjarins. Hvernig getum við Breiðholtið snúið þessari þróun við og lagt meiri áherslu uppbyggingu Breiðholts?

Ég er Breiðholtiingur, sit í stjórn félags sjálfstæðismanna í Skóga- og Seljahverfi og var kosningastjóri í síðustu alþingiskosningum fyrir félög sjálfstæðismanna í Hóla- og Fellahverfi, Bakka- og Stekkjahverfi og Skóga- og Selja-

hverfi. Undanfarin ár hefur mitt helsta áhugamál verið málefni Breiðholts og hef ég eytt miklum krafti í að berjast fyrir okkar sameiginlegu málefnum. Það hefur kennt mér að það sem okkur Breiðholtiinga vantar er borgarfulltrúi sem býr í Breiðholtinu, finnst vænt um Breiðholtið og er í daglegum tengslum við íbúa í Breiðholtinu. Hverfið þarf fulltrúa sem þekkir hvaða ljós eru biluð við gangbrautir í Breiðholtinu, sem vill sjá meiri fjármagn sett í viðhald skóla og íþróttafélaga í Breiðholtinu, sem flýttir fyrir gangstéttafuramkvæmdum í Breiðholtinu, fulltrúa sem hefur náð samband við Breiðholt og íbúa Breiðholts.

Ég gef kost á mér í 4.-6. sæti

í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Þeir sem eru sammála mér um að okkur vanti fulltrúa fyrir Breiðholt á lista sjálfstæðismanna í Reykjavík þurfa að mæta á kjörstað og merkja við mig þann 16. nóvember. Verjum hagsmuni Breiðholts í sameiningu.

Sigurjón Arnórsson.



Sigurjón Arnórsson.

**Breiðholtsblaðið**

Auglýsingasími:

511 1188



# Ferðatöskur

## 25% afsláttur

Dagana

14. til 17. nóv.

Mikið litaúrval



Hólagarði





Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

## Fótboltastelpur á ferðalagi

Síðastliðið sumar fóru nokkrar leikmenn úr 4. og 5. flokki ÍR-Leiknis í ógleymanlega keppnisferð á knattspyrnumót til Danmerkur. Hefð er fyrir því að 4. flokkur fari í keppnisferð erlendis annað hvert ár og eftir nokkurn uppgang í kvennknattspyrnu í Breiðholti síðastliðið ár náðist í góðan hóp fyrir þessa ferð. Stelpurnar nýttu veturinn til að safna fyrir ferðinni og þökkum við Breiðhyllingum sem versuðu ýmsan varning fyrir stuðninginn.

Línurnar voru strax lagðar í Leifsstöð við að skapa góða liðsheild. Við tók svo viðburðarík vika í flottri umgjörð í Vildbjerg á Jótlandi. Stelpurnar fóru á kostum á hverjum degi, t.d. í jákvæðni, borðtennis og tennis, ódauðlegum dagbóarskrifum, froðudiskói, grettum, fatakaupum, vatnsblöðrustríði, Zumba, þögn í lestarferð af illri nauðsyn og svona mætti áfram telja.

Það sem stóð hins vegar upp úr í þessari ferð var liðsheildin sem stelpurnar sköpuðu við kjör aðstæður til knattspyrnuíðkunar í Vildbjerg, flott og skemmtilegt mót í góðu veðri. Með jákvæðni og samheldni nutu stelpurnar sín á knattspyrnuvellingum og lögðu hvert liðið á fætur öðru. Ekki skemmdi heldur fyrir að hafa nokkuð stóran aðdáendahóp, skipaðan úrvals þjálfurum, foreldrum og



4. og 5. flokkur ÍR-Leiknis fór í ógleymanlega keppnisferð á knattspyrnumót til Danmerkur.

systkinum sem hvöttu liðið óspart með nokkrum áður óséðum tókum. Inn á milli mátti líka sjá aðáendur frá Möltu. Það var upplifun að spila fótbolta í 32 stiga hita, ekki alveg það sem þær eru vanar úr Breiðholti. Það var líka nýjung í leik að markmaður ÍR-Leiknis skoraði mark. Liðið hafnaði svo í öðru sæti á mótinu og stelpurnar stálu senunni á verðlaunaafhendingunni með því að taka nokkur samhæfð dansspor á verðlaunapallinum.

Það er mikilvægt að vel sé haldið á málum í íþróttlífi unga fólksins í Breiðholti. Þar þurfa allir að vinna af krafti. Ramminn utan

um starfið þarf að vera traustur og markmiðin skýr. Í þessari ferð ÍR-Leiknis á Vildbjerg-Cup kom skýrt í ljós hversu íþróttaiðkun barna og unglinga er mikilvæg og góð forvörn. Stelpurnar upplifðu ævintýranlega skemmtilega ferð sem ekki gleymist í bráð því í gegnum árin hafa þær stundað æfingar vel, ekki bara æft fótbolta heldur líka samheldni, jákvæð samskipti innan vallar sem utan og lært að fylgja ákveðnum ramma. Það var sérlega ánægjulegt að vera með þessum snillingum sem voru Breiðholti til fyrirmyndar.

Sigrún Edda Theodórsdóttir



Fjöldi kvenna lagði leið sína í Garðheima fimmtudaginn 31.okt. sl. Gleðin var ríkjandi undir stjórn hins vinsæla Björns Braga. Blómskreytar Garðheima sýndu nýjustu jólaströngingarnar, tiskusýning frá Spiral design og fjöldi kynninga. Lukkupotturinn var að sjálf-sögðu á sínum stað ásamt veglegum afslætti af öllum vörum. Það voru glaðar konur sem fóru frá Garðheimum það kvöldið.

Styðjum Mörtu í 3. sæti í prófkjöri sjálfstæðisflokksins í Reykjavík nk. laugardag.

Stuðningsmenn

marta.is

Marta Guðjónsdóttir  
3. sæti



Arnór L. Pálsson  
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson  
útfararstjóri



Frimann Andrésson  
útfararþjónusta



Jón Bjarnason  
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir  
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson  
útfararþjónusta



Þorsteinn Elfsson  
útfararþjónusta



Ellert Ingason  
útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM

Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

### Næsta gullfiskamót 19. nóvember

Vetrarstarf sundfélagsins Ægis hefur farið vel af stað og flestir hópar fullir af áhugasömum sundmönnum.

Næsta Gullfiskamót hefst 19. nóvember en það eru byrjendanámskeið. Yngri sundmenn félagsins komu á fyrsta Stigamót vetrarins og var mikil gleði þar ríkjandi, eldri sundmennirnir fóru á sundmót í Hafnafirði og þar varð Eygló Ósk Gústafsdóttir stíga-hæsta sundkonan. Íslands meistaramótið í 25 metra laug verður helgina 22. til 24. nóvember en þar verða flestir bestu sundmenn landsins.

## ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ HÓLMGEIRS  
MJÓDD

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali  
Enskar fótboltavörur  
Leikföng í úrvali  
Kuldaskór frá kr. 4.995.-

20% afsláttur af öllum vörum á Breiðholtsdögum!

Leiksport  
Sími 5575020 Hólagarði



# Verkefnið „ÍR-ungar“ nýtur vinsælda meðal yngstu skólabarnanna í Breiðholti

ÍR hefur hafið verkefni fyrir yngstu kynslóðina sem mörg önnur íþróttafélög renna hýru auga til. ÍR hefur hrint úr vör verkefni sem nefnist „ÍR-ungar“ sem er fyrir börn í 1. og 2. bekk, fædd 2006 og 2007. Eitt gjald er greitt fyrir iðkandann og hann má æfa hjá sex deildum hjá ÍR eins oft og hann vill yfir önnina.

Barnið getur flakkað á milli deilda að vild, það getur t.d. æft einu sinni í viku og róterað með að æfa handbolta eina vikuna, frjálsar íþróttir næstu viku o.s.frv. Eins gæti iðkandinn æft 5 x í viku ef því er að skipta og haft vikurnar samt sem áður ólíkar, allt eftir áhuga og hentugleika hvers barns. Fyrir flestar þessar æfingar eru ÍR-ungar með eins konar útibú af frístundaheimili í sama húsi (Íþróttahúsið við Austurberg), þannig að börnin fara með frístundavagni upp í íþróttahús þar sem þau taka þátt í starfi frístunda-



ÍR-ungar taka þátt í meðferð með bolta undir stjórn þjálfara.

heimilis og æfinga hjá sínu íþróttafélagi. Allt á sama stað.

Æfingatöflu var dreift í bréfi til

allra forráðamanna barna sem voru að hefja skólagöngu í haust í Breiðholti, þ.e. í hverfum 109 og 111.

## Íþróttaskóli ÍR fyrir 2 til 5 ára

Íþróttaskólinn hjá ÍR er í fullum gangi hjá okkur núna og eru tímarnir mjög fjölbreytilegir og skemmtilegir. Unnið er með tvo aldurshópa, annarsvegar eru 2 til 3 ára gömul börn saman og svo 4 til 5 ára.

„Við leggjum áherslu á að fyrstu kynni barna af íþróttum séu jákvæð og að þeim líði vel og njóti þess að hreyfa sig. Unnið er með ýmsa þætti, meðal annars leystar ýmsar þrautir þar sem börnin reyna á jafnvægi, fínhreyfingar og grófhreyfingar, samhæfingu og líkamlegan og félagslegan þroska. Þetta er sum sé almenn uppbygging fyrir börnin þar sem við erum að styrkja þau á líkamlegan og andlegan hátt. Við virkjum þau andlega með því að tengja lit, myndir, tölur og annað slíkt við æfingarnar og samhliða því er verið að byggja upp almennan grunn fyrir hinar hefðbundnu íþróttgreinar og nánast allt gert í formi leikja og þrautbrauta,“ segir Sigríður Ósk Fannaldal íþróttatræðingur og skólástjóri íþróttaskólans.

Markmið skólans eru að efla hreyfiþroska og hreyfigetu, auka sjálfstraust og vellíðan, auka úthald og losa um umframorku,



Eins gott að vanda sig í íþróttaskólanum.

að börnin læri á líkama sinn og efla samhæfingu. Í byrjun hvers tíma er upphitun og í enda hans er niðurlag, þar sem börnunum er kennt að teygja og slaka á. Hóparnir báðir læra að fylgja reglum, standa í röð, skiptast á og vinna saman. Rannsóknir sýna fram að grunnþjálfun þar sem áherslan er á alhliða líkams- og hreyfiþroska hefur mikla þýðingu fyrir börn og fullorðna og það er tilvalið að byrja með þau snemma þannig að sú reynsla sem

þau hafa af íþróttum sé jákvæð og góð. Tímabilið er frá september til maí og er kennsla einu sinni í viku. Börnin eru berfætt og ekki þörf að þau séu í íþróttafötum það er nóg að þau séu bara í þægilegum bol og buxum. Auk skólástjórans Sigríðar Óskar Fannaldal íþróttatræðings starfar Katrín Ösp Róbertsdóttir við skólann. Þess má geta að verð eftir áramót fyrir 19 vikur verður 10.500 kr. á tímabilinu 7.jan. til 17.maí.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur  
Skógarseli 12 • Sími 587 7080  
Tölvupóstur: ir@ir.is  
Heimasíða: ir.is

## Guðný og Arnar Íslandsmeistarar



Arnar Sæbergsson og Guðný Gunnarsdóttir Íslandsmeistarar para í keilu.

ÍR ingarnir Guðný Gunnarsdóttir og Arnar Sæbergsson hafa tryggt sér Íslandsmeistaratitil para og er það í fyrsta sinn sem þau vinna þann titil saman. Þau voru komin í efsta sæti í forkeppni og héldu henni til loka milliriðils.

Í 2. sæti voru Ástrós Pétursdóttir ÍR og Ásgrímur Helgi Einarsson KFR og í 3. sæti voru Linda Hrönn Magnúsdóttir ÍR og

Skúli Freyr Sigurðsson ÍA. Úrslita-keppni mótsins var spennandi og fór í 4 leiki. Ástrós og Ásgrímur unnu fyrsta leikinn 391 gegn 345, Guðný og Arnar unnu næsta leik 404 gegn 259. Ástrós og Ásgrímur spiluðu síðan 415 gegn 345 í þriðja leiknum, en Guðný og Arnar tryggðu sér titilinn með sigri í fjórða leiknum með 399 gegn 359. Sjá nánar úrslit á heimasíðu KLÍ

## Norðurlandameistaramótið í víðvangshlaupum

Norðurlandameistaramótið í víðvangshlaupum fór fram á Íslandi í fyrsta sinn þann 9. nóvember. Hlaupið var í Laugar- dalnum, á tjaldsvæðinu og svæðinu í kringum þvottalaugarnar og tókst framkvæmdin mjög vel en ÍR-ingurinn Burkni Helgason hafði veg og vanda af hönnun og lagningu brautarinnar.

Yfir 50 norðurlandabúar komu til landsins til að taka þátt í keppinni og var einn Færeyingur meðal keppenda í fyrsta sinn. Karlarnir hlupu 9 km, konurnar 7,5 km, ungarlar 6 km og ungnokur 4,5 km. Alls voru 7 ÍR-ingar í hópi þeirra

20 Íslendinga sem skipuðu landslið Íslands. Það voru þau Andrea Kolbeinsdóttir, Málfríður Anna Eiríksdóttir, Sæmundur Ólafsson, Bjarki Freyr Rúnarsson og David Erik Mollberg sem kepptu í unglíngaflokki, og Fríða Rún Þórðardóttir og Albert Ármannsson sem kepptu í flokki fullorðinna.

Bestum árangri þeirra náði Aníta Hinriksdóttir sem varð í 4. sæti í unglíngaflokki aðeins 16 sekúndum frá þriðja sætinu. Kári Steinn Karlsson varð í 8. sæti í karlaflokki en það var næstbesti árangur Íslendinga og Sæmundur Ólafsson varð 12.

## Þorrafagnaður ÍR 18. janúar



Taktu daginn frá og vertu tilbúinn í forsölu 2. desember.



Sími: 588 9705  
www.skautaholl.is

**Opunartímar:**  
Mánud. Þriðjud og Miðvikud.  
12:00 til 15:00  
Fimmtudaga  
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30  
Föstudaga  
13:00 til 19:30  
Laugardaga og Sunnudaga  
13:00 til 18:00  
**Skólar og sérhópar:** Mánudag til föstudags  
10:00 til 15:00



GETRAUNANÚMER  
ÍR ER 109



# Kauptu betri vetrardekk - hjá MAX1

**nokian**  
**TYRES**

## Margverðlaunuð Nokian gæðadekk sem veita öryggi

Nokian er leiðandi í framleiðslu dekkja sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða. Nokian dekk veita öryggi og minnka eldsneytisnotkun. Þau veita jafnframt mýkt og þægindi í akstri.

**Ekki fórna örygginu í vetur.** Veldu gæðadekk frá Nokian.  
Mundu að grip dekkjana er aðeins fjórir lófastórir fletir.

Fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum við val á dekkjum.  
Komdu á Max1 Bílavaktina.



### NAGLADEKK NOKIAN HP 8

NÝ  
TEGUND



Öruggasta og besta nagladekkið 2013 skv. könnun ZaRulem.

Góð ending, minni eldsneytiseyðsla og hljótlátt.

Minna vegslit og góðir umhverfis-eiginleikar.

Verksmiðjuneglt með akkerisnögglum.

### VETRARDEKK (ÓNEGLT) NOKIAN HP R2

NÝ  
TEGUND



Öruggasta og besta óneglda vetrardekkið 2013 skv. könnun ZaRulem.

Ný gúmmiblanda veitir frábært grip í snjó og ís.

Byltingarkennt loftbóludekk með vistvænum harðkorna kristölum.

### VETRAR- OG HEILSÁRSDEKK NOKIAN WRD3



Verðlaunað fyrir frábæra eiginleika í snjó, bleytu og á þurru undirlagi.

Gott verð og minni eldsneytiseyðsla.

Góðir umhverfis-eiginleikar.

Max1 bílavaktin og Nokian uppfylla ESB reglur um hjólbarðamerkingar. Fáðu ráðgjöf.



Reykjavík:  
Bíldshöfða 5a, sími 515 7190  
Jafnaseli 6, sími 515 7190  
Knarrarvog 2, sími 515 7190

Hafnarfjörður:  
Dalshrauni 5, sími 515 7190

Opnunartími:  
Allar stöðvar opnar virka daga kl. 8-17.  
Laugardaga opið Bíldshöfða 5a kl. 9-13.

Nánari upplýsingar:  
max1.is

**MAX1**  
BÍLAVAKTIN